



BA í lögfræði

Aðgangur almennings og fjölmiðla að þinghöldum í sakamálum

Heimild til að kæra úrskurði um opin eða lokuð þinghöld

Júni, 2020

Nafn nemanda: Birna Mjöll Styrmsdóttir

Kennitala: 171293-2009

Leiðbeinandi: Halldóra Þorsteinsdóttir

Útdráttur

Aðgangur almennings og fjölmiðla að þinghöldum í sakamálum – Heimild til að kæra úrskurði um opin eða lokuð þinghöld

Til að tryggja réttláta málsmeðferð fyrir dómi skal þinghaldi vera háttáð svo að það sé opið almenningi. Sá réttur endurspeglar meginregluna um opinbera málsmeðferð. Þessi regla er tryggð í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 og 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Í henni felst að almenningur, sem og fjölmiðlar, geta mætt í dómsali og heyrt hvað þar fer fram. Þó er ekki algengt að almenningur mæti í dómsali og því hafa fjölmiðlar mikilvægu hlutverki að gegna sem fulltrúar almennings þar í stað. Fjölmiðlar mæta í dómsali og fjalla um það sem þar fer fram í blöðum, útvarpi, sjónvarpi og netmiðlum. Það er undantekning frá meginreglunni um opinbera málsmeðferð að dómari geti á grundvelli 1. mgr. 10. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, lokað þinghaldi telji hann það nauðsynlegt. Í þessari ritgerð verður fjallað um meginregluna um opinbera málsmeðferð og undantekningar frá henni. Þá verður einnig fjallað um hlutverk fjölmiðla og heimildir þeirra til að fjalla um sakamál og nafngreiningu sakaðra manna. Þá verður reynt að varpa ljósi á hvort fjölmiðlar geti á grundvelli 2. mgr. 10. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, óskað eftir úrskurði um opin eða lokuð þinghöld. Niðurstöður ritgerðarinnar eru þær að dómstólar hafi almennt viðurkennt að fjölmiðlar hafi hagsmuni af því að málsmeðferð sé opin. Til að meginreglan um opinbera málsmeðferð nái markmiði sínu er nauðsynlegt að fjölmiðlar hafi frjálstan aðgang að dómstólum og þar af leiðandi upplýst almenning um gang og stöðu sakamála.

Abstract

The public's and Media's access to court in criminal proceedings – the right to prosecute the decision of open or closed access

In order to ensure the right to a fair trial in criminal proceedings, the European Convention on Human Rights declares that court trials must be heard in public. This right is protected by article 6 of the aforementioned act and article 70 of the Icelandic constitution no. 33/1944. The public and the media is entitled to be present at court and observe results of trials. In recent years, it is not found to be common that the public themselves chooses to be present at court. Rather, the media fills that role by going to court and later reporting to the public of the cases outcomes. There is an exception to the principle of free access to courts in Paragraph 1. Article 10. of the Icelandic law on criminal proceedings no. 88/2008, to deny the public access to court, if it is considered necessary and justified. The goal of this thesis is to discuss the rule of open access and its exceptions. The thesis will also include a discussion on the role of the media and their warrant to cover criminal cases and to name accused persons. Finally, this thesis will discuss if the media can according to Paragraph 2. Article 10. The law on Criminal Procedure no. 88/2008, request an order regarding open or closed access to criminal proceedings. The main conclusion of this thesis is that the courts have generally recognized that the media has general interests in open procedure and should therefore be able to request such orders.

Efnisyfirlit

<i>Dómaskrá</i>	<i>iv</i>
<i>Lagaskrá</i>	<i>v</i>
1. Inngangur	1
2. Meginreglan um opinbera málsmeðferð	2
2.1. Almenn	2
2.2. 1. mgr. 6. gr. MSE	3
2.3. 1. mgr. 70. gr. stjkskr.	5
2.4. Undantekningar frá meginreglunni um opinbera málsmeðferð.....	7
3. Ákvæði 10. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála	9
3.1. Almenn	9
3.2. Heimild dómara til að loka þinghaldi.....	11
4. Fjölmiðlar og tjáningarfrelsið	16
4.1. Almenn	16
4.2. Hlutverk fjölmiðla	17
4.3. Tjáningarfrelsi	18
4.3.1. Afstaða íslenskra dómstóla til tjáningarfrelsis fjölmiðla	19
5. Umfjallanir fjölmiðla og hagsmunir þeirra af sakamálum	21
5.1. Almenn	21
5.2. Umfjallanir fjölmiðla um sakamál	22
5.3. Nafngreiningar sakaðra manna í fjölmiðlum	23
5.4. Heimild til að kæra úrskurði	26
6. Niðurstöður	31
7. Heimildaskrá	33

Dómaskrá

Mannréttindadómstóll Evrópu

Sunday Times g. The United Kingdom App no. 6538/74 (ECtHR, 26. apríl 1979)

Le Compte, Van Lueven og De Meyere g. Belgíu App no. 6878/75, 7238/75 (ECtHR, 23. júní 1981)

Axen gegn Þýskalandi App no. 8273/78 (ECtHR, 8. desember 1983)

Ashingdane g. The United Kingdom App no. 8225/78 (ECtHR, 28. maí 1985)

Hæstiréttur Íslands

Hrd. 16. febrúar 1995 í máli nr. 122/1992

Hrd. 10. janúar 1996 í máli nr. 419/1995

Hrd. 13. janúar 2000 í máli nr. 499/1999

Hrd. 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000

Hrd. 19. apríl 2002 í máli nr. 179/2002

Hrd. 18. júní 2010 í máli nr. 355-365/2010

Hrd. 20. desember 2010 í máli nr. 687/2010

Hrd. 7. desember 2011 í máli nr. 648/2011

Hrd. 24. maí 2012 í máli nr. 353/2012

Hrd. 8. janúar 2014 í máli nr. 806/2013

Hrd. 1. desember 2014 í máli nr. 763-77/2014

Hrd. 26. júní 2018 í máli nr. 729/2017

Landsréttur

Lrd. 23. nóvember 2018 í máli nr. 51/2018

Lrd. 20. febrúar 2019 í máli nr. 109/2019

Lrd. 20. mars 2020 í máli nr. 433/2019

Lrd. 29. október 2019 í máli nr. 704/2019

Lrd. 26. nóvember 2019 í máli nr. 771/2019

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 1. mars 2010 í máli nr. S-986/2010

Lagaskrá

Íslensk lög

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940

Barnalög, nr. 76/2003

Barnaverndarlög, nr. 80/2002

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu, nr. 62/1994

Lög um meðferð einkamála, nr. 88/2008

Lög um fjölmiðla, nr. 38/2011

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944

Brottfallin lög

Lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991

Stjórnskipunarlög nr. 97/1995

Þingskjöl, vefútgáfa:

Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252- 233. mál

Alþt. 1994-1064, A-deild, þskj. 118-297. mál

Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 215-198. mál

Alþt. 1993-1063, A-deild, þskj. 117-102. mál

Annað:

Reglur um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu dómstólanna nr. 3/2019

1. Inngangur

Um réttarhöld í sakamálum gildir meginreglan um opinbera málsmeðferð. Í henni felst að dómþing skal háð í heyranda hljóði og hefur því almenningur, sem og fjölmiðlar, frjálstan aðgang að þeim. Reglan hefur stoð í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944¹ og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.² Þessi meginregla er viðurkennd í íslensku réttarfari og meðal þeirra þjóða sem við sækjum fyrirmyndir úr lögum. Það er í hag okkar allra að stuðlað sé að réttlátum niðurstöðum fyrir dómi og er reglan mikilvægur þáttur í því.

Við sem almenningur fáum flest alla, ef ekki alla upplýsingagjöf, um gang sakamála í gegnum fjölmiðla og gegna fjölmiðlar því mikilvægu hlutverki við að fara sem okkar fulltrúar og sitja þinghöld, séu þau opin. Það er undantekning frá meginreglunni um opinbera málsmeðferð að dómari geti á grundvelli 10. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008³ lokað þinghaldi, telji hann það nauðsynlegt. Þá eru tilgreindar ástæður fyrir því í liðum a. – g. í málsgreininni sem eru sambærilegar þeim sem fram koma í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE.⁴ Úrskurð um að loka þinghaldi má kæra til Landsréttar samkvæmt b-lið 1. mgr. 192. gr. sml.

Þrátt fyrir að óalgennt sé að almenningur sækir réttarhöld hafa landsmenn almennt mikinn áhuga á réttarhöldum. Hlutverk fjölmiðla er því að upplýsa almenning og á síðustu árum hefur umfjöllun þeirra um dómsmál, þá ekki síst sakamál, aukist talsvert.

Markmiðið með ritgerð þessari er að fjalla um opinbera málsmeðferð og heimildir málsaðila til að kæra úrskurð dómara um tilhögun þinghalds, samkvæmt b-lið 1. mgr. 192. gr. sml. Reynt verður að varpa ljósi á það hver vilji og afstaða löggjafans er þegar fjölmiðlar telja sig hafa hagsmuni af slíkum úrskurði. Að auki verður fjallað um umfjallanir fjölmiðla um sakamál og nafngreiningar sakaðra manna.

Í öðrum kafla ritgerðarinnar verður fjallað efnislega um meginregluna um opinbera málsmeðferð og undantekningar frá henni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. MSE. sbr. 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Í þriðja kafla er fjallað um heimild dómara til að loka þinghöldum samkvæmt 1. mgr. 10. gr. sml. og heimildir aðila til að kæra úrskurði dómara þar um. Fjórði kafla fjallar um hlutverk og tjáningarfrelsi fjölmiðla. Þá verður fjallað um í fimmta kafla heimildir fjölmiðla til

¹ Hér eftir skammstöfuð stjkskr.

² Hér eftir skammstöfuð MSE.

³ Hér eftir skammstöfuð sml.

⁴ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars*, (2. útg., Úlfjótur 2009) 16.

að fjalla um sakamál, nafngreiningar sakaðra manna og hvort fjölmiðlar hafi heimild til að kæra úrskurði dómara um lokuð þinghöld. Að lokum eru niðurstöður ritgerðirnar dregnar saman í sjötta kafla. Í ritgerðinni verða dómar Hæstaréttar Íslands og Mannréttindadómstóls Evrópu teknir til skoðunar. Við athugun á dómaframkvæmd verður reynt að varpa ljósi á mikilvægi opinbers þinghald, tjáningarfrelsi fjölmiðla og hagsmuni fjölmiðla við að kæra úrskurði um lokuð þinghöld.

2. Meginreglan um opinbera málsmeðferð

2.1. Almenn

Til að tryggja réttláta málsmeðferð fyrir dómi í sakamálum skal þinghaldi verið háttað svo að það sé opið fyrir almenningi. Rétturinn til réttlátrar málsmeðferðar er hluti af mannréttindum hvers manns sem tryggð eru í ákvæðum stjórnarskrár og er óhjákvæmilegur hluti af réttarkerfi hvers lýðræðisríkis. Í síðari málslið 1. mgr. 70. gr. stjkskr. segir berum orðum:

„Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða hagsmuna málsaðila.“

Framangreint ákvæði endurspeglar meginregluna um opinbera málsmeðferð sem tekur til meðferðar sakamála fyrir dómi.⁵ Reglan á sér stoð í 1. mgr. 6. gr. MSE. en þar er mælt svo fyrir að málsmeðferð skuli vera opinber. Ákvæðið á sér tvíþætt markmið: Í fyrsta lagi skal það tryggja réttaröryggi þeirra sem aðild eiga að dómsmálum, til að koma í veg fyrir að menn verði fyrir óréttlæti, ef leynd hvílir yfir því hvað fram fer fyrir dómstólum.⁶ Í öðru lagi getur opinber málsmeðferð veitt dómurum aðhald með því að gefa almenningi kost á að fylgjast með hvað fer fram fyrir dómstólum og styrkja traust þeirra á því að dómarar fari eftir lögum.⁷

Opinber málsmeðferð er því mikilvægur þáttur í réttlátu réttarhaldi og styrkir traust almennings til þess. Opinber málsmeðferð hefur lengi verið ein af undirstöðureglum réttarfars,⁸ líta má í þessu samhengi til fræða enska heimspekingsins Jeremy Bentham. Á hans tíð var í gildi svo kallað „common law“ kerfi í Englandi, sem fól í sér skort á skráðum lögum. Bentham taldi að úrbóta væri þörf á kerfinu enda leit hann svo á að í skjóli þess hefðu dómarnir og

⁵ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars* (nr. 4) 16.

⁶ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu*, (Orator 1999) 103.

⁷ Björg Thorarensen höfundur, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi*, (Codex 2008) 270.

⁸ Sama heimild.

aðrir innan réttarkerfisins búið til flókið umhverfi sem væri óskiljanlegt fyrir almenning.⁹ Úrbæturnar fólu í sér að gera störf dómstólanna aðgengilegri og ábyrgari gagnvart almenningi. Hann taldi þá opna málsmeðferð vera kjarnann í réttlátu réttarhaldi sem myndi gera dómara ábyrga gjörða sinna bæði lagalega og siðferðislega séð.¹⁰ Reglan um opinbera málsmeðferð tryggir því að almenningur sé upplýstur um hvað fer fram fyrir dómstólum og geti fylgst með því hvort starfandi dómara fari í framkvæmd eftir lögnum. Það er mikilvægt að dómurum sé veitt ákveðið aðhald í störfum þeirra sem styrkir trú landsmanna á réttarkerfinu. Þá er opinber málsmeðferð einnig sérstaklega þýðingarverð fyrir fjölmiðla til að öðlast vitneskju um hvað fer fram í dómsmálum. Í framkvæmd er afar sjaldgæft að almenningur sækir í réttarhöld og má því líta svo á að fréttáflutningur fjölmiðla af dómsmálum og störfum þeirra sé helsta upplýsingaveita almennings um hvað fer fram fyrir dómstólum. Um hlutverk og aðkomu fjölmiðla í þessu samhengi verður nánar fjallað í síðari hluta ritgerðarinnar.¹¹

Hér í kaflanum á eftir verður gerð grein fyrir helstu markmiðum opinberrar málsmeðferðar í skilningi 1. mgr. 6. gr. MSE sbr. 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Þá verður einnig skoðað hvað felst í réttinum til opinberrar málsmeðferðar fyrir dómi og hvaða hagsmunir geta réttlætt þá undantekningu frá framangreindum reglum, að þinghald sé lokað, með tilliti til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu og Hæstaréttar Íslands.

2.2. 1. mgr. 6. gr. MSE

Í 1. mgr. 6. gr. er fjallað um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Í ákvæðinu segir:

Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvela framgang réttvísinnar.

Með 6. gr. MSE. er ætlað að tryggja réttlæti og réttaröryggi við meðferð þeirra mála sem hún tekur til. Samkvæmt 1. mgr. skal dómstóll vera sjálfstæður og málsmeðferðin réttlát, sem er jafnframt kjarni greinarinnar.¹² Ákvæði hennar gilda um meðferð annars vegar refsímála og hins vegar einkamála, en 1. mgr. nær til beggja málaflokkanna þegar 2. og 3. mgr. taka

⁹ Raymond Wacks, *Understanding Jurisprudence: An Introduction to Legal Theory*, (5. útgáfa, University Press 2017) 75–77.

¹⁰ Sama heimild.

¹¹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (nr.7) 270.

¹² Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu* (nr.6) 26.

einungis til refsímála.¹³ Í 3. mgr. er að finna þau lágmarksréttindi sem sökuðum manni er tryggð í refsímáli. Ákvæðið leiðir af meginreglunni um jafnræði málsaðila fyrir dómi, sem er jafnframt óhjákvæmilegur þáttur í réttlátri málsmeðferð.¹⁴

Meginmarkmið með 1. mgr. 6. gr. um opin þinghöld eins og fyrr segir er tvíþætt, þá annars vegar til að tryggja réttaröryggi þeirra sem aðild eiga að dómsmálum og hins vegar til að veita dómurum aðhald í störfum sínum, sem jafnframt styrkir trú almennings á réttarkerfinu. Rétturinn til opinberrar málsmeðferðar felur í sér þrennt: Í fyrsta lagi að almenningur hafi aðgang að réttarhöldum, en sá réttur er þó ekki undantekningarlaus þar sem ákvæðið gerir ráð fyrir nokkrum tilgreindum ástæðum fyrir því að þinghaldi skuli vera lokað.¹⁵ Nánar verður fjallað um þessar undantekningar í kafla 2.2.1. Í öðru lagi skal dómur vera kveðinn upp í heyranda hljóði, en það þýðir þó ekki að dómur skuli vera lesinn upp orði eftir orði, heldur nægir að almenningur hafi aðgang að dóminum sjálfum eða hann sé birtur opinberlega.¹⁶ Í þriðja lagi hefur verið talið að opinber málsmeðferð feli í sér rétt til munnlegrar málsmeðferðar. Munnleg málsmeðferð er forsenda opinberrar málsmeðferðar, en án hennar gæti almenningur ekki fylgst með hvað fer fram í réttarhaldi.¹⁷

Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. MSE er nægilegt að réttarhöld séu raunverulega opin almenningi. Þá eru ekki sett nein skilyrði um að þau séu auglýst eða tilkynnt með öðrum hætti, m.a. með fréttatilkynningu eða í gegnum fjölmiðla, að mál verði tekin fyrir á tilteknum tíma og stað.¹⁸ Dómsalir skuli þá vera aðgengilegir fyrir almenningi, en ef fleiri sækja þinghald en rúmast til á áheyrendabekkjum er þó óumflýjanlegt að sumum sé vísað á brott. Það getur verið vafasamt, að hleypa aðeins völdum aðilum inn í dómsal, en þó réttlætjanlegt í sumum tilvikum eins og þegar fjölmiðlar eiga í hlut. Með 1. mgr. 6. gr. er óheimilt að hljóðrita þinghöld, hvort sem um er að ræða fjölmiðla eða almenning. Þá er kveðið um það sama í 10. gr. sml. nema með sérstöku leyfi dómara.

Með reglunni er ætlað að veita almenningi aðgang að dómsmáli eins og fyrr segir, en þá veitir hún einnig málsaðilum hið mikilvæga réttaröryggi í dómsmáli sem þeir eiga aðild að. Hins vegar kann að vera mismunandi á hvorn málsaðilann, þ.e. ákæranda eða ákærða, opið þinghald kann að vega þyngra að, en það getur farið eftir eðli málsins. Þá er kveðið á um í 1. mgr. 6. gr. þann rétt sem málsaðilar og almenningur hefur til að réttarhöld séu haldin í heyranda

¹³ Alþt. 1993-1063, A-deild, þskj. 117-102. mál – Athugasemdir við frumvarp.

¹⁴ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: íslensk lög og lagafrankvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu* (nr.6) 26.

¹⁵ Sama heimild 104.

¹⁶ Sama heimild 111.

¹⁷ Sama heimild 94.

¹⁸ Sama heimild 104.

hljóði nema að sérstakar þartilgreindar undantekningarástæður liggi fyrir. Þar geta almannahagsmunir vegið þar inn í jafnt sem einkahagsmunir málsaðila.¹⁹ Það kemur þó ekki í veg fyrir rétt aðila til að óska eftir lokuðu þinghaldi, en kemur til með að vera eitt af þeim atriðum sem dómari metur þegar hann ákveður tilhögun þinghalds.²⁰

Í síðari málslið 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er kveðið á um að dómþing skuli háð í heyranda hljóði, sbr. 1. mgr. 10. gr. sml. Ákvæði stjórnarskrár er að miklu leyti sama efnis og fyrirmæli 1. mgr. 6. gr. MSE. og verður því fjallað nánar um ákvæðið í næsta kafla.

2.3. 1. mgr. 70. gr. stjkskr.

Með setningu stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995 var nýju ákvæði bætt við stjórnarskrána, sem er nú 70. gr. hennar. Ákvæðið endurspeglar meginregluna um opinbera málsmeðferð, en hún var tekin upp úr 6. gr. MSE. Ákvæðið er svohljóðandi:

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila. Hver sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

Með löggildingu reglunnar, sem og öðrum þeirra nýju ákvæða sem lög nr. 97/1995 höfðu með sér í för, var staða mannréttindalöggjafar Íslands styrkt með nýju móti. Hið sama má segja um löggildingu Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 aðeins ári á undan.²¹ Samkvæmt frumvarpi til stjórnskipunarlaganna um breytingar á stjórnarskrá kom fram að efni hins nýja ákvæðis 70. gr. fól í sér grundvallaratriði hvað varðaði réttarfar og málsmeðferð fyrir dómstólum og kjarninn í rétti manna til dómstólaverndar. Reglan um að dómþing skuli háð í heyranda hljóði hefur lengi vel verið ein af undirstöðureglum réttarfars á Íslandi, og er gert ráð fyrir henni í löggjöf um meðferð einkamála og sakamála. Markmiðið með innleiðingu reglunnar var sú að tryggja borgurunum þann rétt að fylgjast með því hvort dómara fari í raun eftir lögunum og að veita dómurum aðhald í starfi sínu þegar þeir skera úr um réttindi og skyldur borgaranna.²²

Ef bornar eru saman 1. mgr. 6. gr. MSE og 1. mgr. 70. gr. stjkskr. má sjá að ekki er fullt samræmi í orðalagi þeirra. Samkvæmt orðanna hljóðan er gildisvið 1. mgr. 70. gr. stjkskr. rýmra að einhverju leyti en að sumu leyti þrengra en gildisvið 1. mgr. 6. gr. MSE.²³ Þá er enga

¹⁹ Sama heimild 105.

²⁰ Sama heimild 106.

²¹ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (Háskólaútgáfan 1997) 367.

²² Alþt. 1994-1064, A-deild, þskj. 118-297. mál - um 8. gr.

²³ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu*, (nr. 6) 31.

skýringu að finna í greinargerð með lögum nr. 97/1995 eða í öðrum lögskýringargögnum, á þessu rúma orðalagi greinarinnar. Í samræmi við þá réttarvitund sem ríkir hér á landi hefði það ekki þótt viðeigandi að setja slíka fyrirvara eins og má finna í 1. mgr. 6. gr. MSE, úr því að fyrirmæli um rétt manna til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi voru tekin upp í stjórnarskrá á annað borð.²⁴ Draga má hins vegar þá ályktun af orðalagi 1. mgr. 70. gr. stjkskr. að gildissvið hennar sé þrengra en 1. mgr. 6. gr. MSE að því er varðar sakamál. Það er ekki gert að skilyrði í 1. mgr. 6. gr. MSE að réttur manns til réttlátrar málsmeðferðar sé bundinn við úrlausn um ákæru á hendur honum um refsiverða háttsemi hafi verið gefin út, sem er hins vegar gert í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Hins vegar skiptir þessi orðalagsmunur engu máli í raun þar sem Mannréttindasáttmálinn gildir hér á landi, en skýra ber 1. mgr. 70. gr. stjkskr. með hliðsjón af 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.²⁵ Á 1. mgr. 70. gr. stjkskr. getur auðvitað reynt, þegar undir dómstóla er borinn ágreiningur um hvort þau ákvæði sem fjalla um opin eða lokuð réttarhöld, uppfylli þá reglu sem stjórnarskráin setur um réttláta málsmeðferð.²⁶ Hæstiréttur hefur þá í framhaldi löggildingu ákvæðisins, margsinnis staðfest mikilvægi þess samhliða viðeigandi ákvæði laga um meðferð sakamála, þegar deilt er um tilhögun þinghalds í sakamálum, sbr. Hrd. 687/2010:

Í 70. gr. stjórnarskrárinnar, sem á sér einnig fyrirmyndir í Mannréttindasáttmálum sem gildi hafa hér á landi, er m.a. mælt fyrir um það að menn eigi rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Í þeim rétti felst m.a. að menn eiga rétt á að vera sjálfir viðstaddir þinghöld þar sem fram fara skýrslutökur af vitnum í máli þar sem þeir eru bornir sökum. Heimilt er þó að gera á þessu undantekningar með lögum en slíkar undantekningar sæta ávallt þröngri lögskýringu.

Líkt og fram kemur í ofangreindum dómsforsendum er mikilvægt að þau réttindi sem 70. gr. stjkskr. verndar, þ.e. réttlát málsmeðferð fyrir dómi, séu tryggð hverjum manni sem sakaður er um refsiverða háttsemi. Þá er ekki hægt að gera undantekningar frá því nema með lögum og ber slíkar undantekningar ávallt að skýra þröngt. Um er að ræða stjórnarskrárvernduð mannréttindi og þarf því að fara varlega í að setja þeim skorður. Í næsta kafla verður fjallað um þær undantekningar sem heimila að loka þinghaldi samkvæmt ákvæðum um opinbera málsmeðferð sem hefur verið hér til umfjöllunar.

²⁴ Sama heimild 32.

²⁵ Sama heimild.

²⁶ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 367.

2.4. Undantekningar frá meginreglunni um opinbera málsmeðferð

Um undantekningar frá meginreglunni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. MSE. fjallar í ákvæðinu svohljóðandi:

Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvela framgang réttvísinnar.

Eins og fram kemur í ákvæðinu er rétturinn til opinberrar málsmeðferð ekki fortaklaus. Frá því má víkja, að því gefnu að það sé gert á grundvelli þeirra ástæðna sem tilgreindar eru í greininni.²⁷ Þá má finna sambærilegt ákvæði um undantekningarástæður frá reglunni í 1. mgr. 70. gr. stjkskr.:

Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuni málsaðila.

Líkt og í öðrum undantekningum frá meginreglum Mannréttindasáttmálans hefur hvert aðildarríki fyrir sig svigrúm til að útfæra þessar takmarkanir nánar í lögum sínum og yfirvöld geta útskýrt efni þeirra frekar. Hið sama á við um undantekninguna í 1. mgr. 6. gr. þar sem dómstólum er heimilt að loka einstökum réttarhöldum, *ef brýn nauðsyn* ber til í *sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvela framgang réttvísinnar*.²⁸ Þá mega þær takmarkanir, sem mælt er fyrir um í lögum eða beitt af dómstólum, hvorki takmarka eða draga úr aðgengi á þann hátt eða að svo miklu leyti að kjarni réttarins sé skertur. Líkt og var staðfest í dóm Mannréttindadómstólsins í máli *Ashingdane gegn Bretlandi nr. 8225/78*, að takmarkanir á aðgengi að dómstólum skuli stefna að lögmaetu markmiði og ekki ganga lengra en nauðsynlegt er.²⁹ Þær verða þá einnig að vera nægilega skýrar til að koma í veg fyrir misbeitingu þeirra.³⁰ Þá hefur Mannréttindadómstóll Evrópu áskilið sér þann rétt að meta hvort réttilega hafi verið lokað þinghaldi samkvæmt undantekningarástæðum 1. mgr. 6. gr. MSE.³¹ Í

²⁷ P van Dijk, *Theory and Practice of the European Convention on Human Rights*, (4. útgáfa, Intersentia 2006) 569.

²⁸ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu* (nr.6)106.

²⁹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (nr.7) 225.

³⁰ Dijk, *Theory and practice of the European Convention on Human rights*, (nr. 27) 570.

³¹ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu* (nr.6)106.

Þessu samhengi má nefna mál Mannréttindadómstólsins *Le Compte ofl. gegn Belgíu og Albert og Le compte gegn Belgíu nr. 6878/75, 738/75*. Í málinu var deilt um hvort réttilega hafi verið lokað þinghaldi á grundvelli undantekninga í 1. mgr. 6. gr. MSE. Kærendur voru belgískir læknar sem sviptir voru læknaleyfi vegna agabrota. Viðurlögin voru ákveðin af héraðsráðum og áfrýjunarráði læknasamtakanna fyrir luktum dyrum í samræmi við belgísk lög. Þá hélt belgíska ríkið því fram að lokun þinghalds hafi verið réttlætanleg á grundvelli þagnarskyldu málsaðila sem læknar. Ekki var fallist á það af dómstólnum m.a. vegna þess að agabrotin vörðuðu í fæstum tilvikum lækna sjálfa sem slíka né sjúklinga þeirra. Í dómi Mannréttindadómstólsins var enn fremur bent á að lækarnir hefðu jafnframt krafist þess að málsmeðferð þeirra yrði opinber og höfðu lækarnir því ekki afsalað sér þeim rétti. Með þessum rökum taldi dómstóllinn að brotið hafði verið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE.

Dómstóllinn hefur enn fremur tekið þá afstöðu að það ráðist af málsatvikum hverju sinni hvort brotið hefur verið gegn fyrirmælum 1. mgr. 6. gr. MSE., sbr. dóm Mannréttindadómstólsins *Axen gegn Þýskalandi nr. 8273/78*. Rétt þykir að minna á að loka réttarhaldi fyrir almenningi er undantekning frá meginreglu 6. gr. MSE og er því mikilvægt að slíkum úrræðum sé ekki beitt nema að sérstakar, ríkar ástæður liggi fyrir og ekki sé gengið lengra í þeim nema nauðsyn krefji. Af þeim sökum getur verið heimilt að loka réttarhaldi að hluta, sbr. 1. mgr. 6. gr. MSE sé tilefni til þess og liggi sérstakar, ríkar ástæður til grundvallar.³²

Í 1. mgr. 6. gr. MSE er kveðið á um að víkja megi frá meginreglunni um opinbera málsmeðferð til að gæta velsæmis, m.ö.o. af siðgæðisástæðum. Þetta á í flestum tilvikum við kynferðisbrotamál, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr. sml. enda um sérstaklega viðkvæman málaflokk að ræða og þungbært fyrir brotþola að þurfa að þola að þinghald í máli þeirra sé opið fyrir almenningi. Þá er kveðið á um í 1. mgr. 6. gr. að víkja megi frá meginreglunni með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis, sbr. 1. mgr. 70. gr. til að gæta allsherjarreglu og öryggi ríkisins. Þá er einnig kveðið á um þessi atriði í c- og e-lið 8. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála³³ og c- og e-liði 1. mgr. 10. gr. sml. Þá gerir 1. mgr. 6. gr. MSE einnig ráð fyrir að hægt sé að loka réttarhaldi vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila, ekki ert mælt fyrir um þetta atriði í stjórnarskrá,³⁴ en það er hins vegar gert í 1. mgr. 10. gr. eins og orðalagið *sakborningur er yngri en 18 ára* og a-lið. sömu greinar *til hlífðar sakborningi* gefur til kynna. Í síðasta lagi felur 1. mgr. 6. gr. MSE í sér heimild til að loka réttarhaldi ef brýn

³² Sama heimild 107.

³³ Hér með skammstöfuð oml.

³⁴ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu* (nr.6) 108.

nauðsyn ber til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvelða framgang réttvísinnar. Sjaldan hefur reynt á skýringu þessa ákvæðis í framkvæmd hjá Mannréttindadómstól Evrópu.

Þegar 1. mgr. 6. gr. MSE er borin saman við ákvæði íslenskra laga um opin eða lokuð þinghöld, sbr. 8. gr. eml. og 10. gr. sml., er ljóst að dómara á Íslandi hafa að vissu leyti meira svigrúm til að loka þinghaldi heldur en beinlínis er gert ráð fyrir í sáttmálanum.³⁵ Þá er dómurum heimilt að loka þinghaldi að hluta til, telji þeir það nauðsynlegt, sbr. a-lið 1. mgr. 10. gr. sml., sbr. *Hrd. 806/2013*, þar sem móður látinnar stúlku var gefinn sá kostur að skýrslutaka við hana skyldi fara fram fyrir luktum dyrum. Í næsta kafla verður betur gerð grein fyrir heimild dómara til að loka þinghaldi samkvæmt 10. gr. sml., sem sækir fyrirmynd sína í þau ákvæði sem fjallað hefur verið um í þessum kafla.

3. Ákvæði 10. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála

3.1. Almenn

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er lögfest sú meginregla að þinghöld skuli háð í heyranda hljóði. Þá er á sama hátt kveðið um regluna í 8. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ákvæðið á sér stoð í 1. mgr. 70. gr. stjkskr og sömuleiðis 1. mgr. 6. gr. MSE, líkt og áður hefur verið að vikið í 2. kafla ritgerðarinnar. Meginreglan um opinbera málsmeðferð er ekki án undantekninga en samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er mælt fyrir um heimild dómara til að takmarka aðgang almennings að dómþingi „til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggi ríkisins eða hagsmuna málsaðila.“³⁶ Samkvæmt áðurnefndu stjórnarskráarákvæði skulu þessar takmarkanir vera lögmæltar og ákvæðið eitt og sér ekki sjálfstæður grundvöllur þessara takmarkana.³⁷ Þær undantekningar, sem réttlætt geta að þinghöld fari fram fyrir luktum dyrum samkvæmt 10. gr. sml., eru að finna í 1. mgr. greinarinnar:

Þinghöld skulu háð í heyranda hljóði. Dómari getur þó ákveðið, að eigin frumkvæði eða eftir kröfu ákæranda, sakbornings eða brotaþola, að þinghald fari fram fyrir luktum dyrum, að öllu leyti eða að hluta, ef það er háð utan reglulegs þingstaðar, sakborningur er yngri en 18 ára eða hann telur það annars nauðsynlegt:

- a. til hlífðar sakborningi, brotaþola, vandamanni þeirra, vitni eða öðrum sem málið varðar,
- b. vegna nauðsynjar sakbornings, brotaþola, vitnis eða annars sem málið varðar á því að halda leyndum atriðum varðandi hagsmuni í viðskiptum eða samsvarandi aðstöðu,
- c. vegna hagsmuna almennings eða öryggis ríkisins,

³⁵ Sama heimild 109.

³⁶ Ísland, *Lög um meðferð sakamála: Ásamt greinargerð / [umsjón með útgáfu Jóhannes Eiríksson [og fleiri]]* (Codex 2009) 42.

³⁷ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (nr.7) 271.

- d. af velsæmisástæðum,
- e. til að halda uppi þingfriði,
- f. meðan á rannsókn máls stendur og hætta þykir á sakarspjöllum ef þing væri háð fyrir opnum dyrum,
- g. meðan vitni gefur skýrslu án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.

Grein þessi kemur í stað fyrir 8. gr. oml., en með setningu laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála voru gerðar breytingar á framangreindum undantekningum. Bætt var við tölulíðum f. og g. sem varða rannsókn máls og skýrslutöku vitnis. Samkvæmt frumvarpi var gerð sú tillaga um að heimilt væri jafnframt að loka þinghaldi á meðan skýrsla væri tekin af vitni, sem ekki þarf að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, enda gæti legið hætta í því að nafnleynd næði ekki tilgangi sínum ef skýrsla væri gefin í opnu þinghaldi.³⁸ Þá var enn fremur með setningu sml. lögð til sú nýmæli við 2. mgr. 10. gr., þar sem dómara er veitt heimild til að ákveða í eitt skipti fyrir öll, að loka þinghaldi við þingfestingu máls:

Við þingfestingu máls er dómara heimilt að ákveða í eitt skipti fyrir öll að þinghöld í málinu skuli vera lokuð, enda sé ákvörðunin færð til bókar þar sem greint skal frá því af hverri ástæðu það sé gert. Á sama hátt tekur dómari ákvörðun um lokun einstaks þinghalds.

Þetta var gert í hagræðingarskyni vegna málaflokka sumra sakamála, sem dæmi kynferðisbrotamála, sem í eðli sínu geta kallað á að þinghald skuli vera háð fyrir luktum dyrum. Þá er sett skilyrði um að ákvörðun þess efnis sé færð í þingbók þar sem greint er frá af hvaða ástæðu slíkt er gert. Þá er heimilt að kæra slíkan úrskurð til Hæstaréttar, skv. b-lið 1. mgr. 192. gr. sml. Þessi kærueimild getur ekki aðeins nýst aðila máls eða brotapolum, heldur einnig þeim sem andmæla því að þinghaldi sé háð fyrir luktum dyrum, svo sem fréttamönnum.³⁹ Var þessu ákvæði ekki breytt með setningu sml, en fjallað verður nánar um heimild til að kæra úrskurði samkvæmt b-lið 1. mgr. 192. gr. í kafla 3.3. Að öðru leyti voru ákvæði 2.-4. mgr. efnislega samhljóða 2.-4. mgr. 8. gr. og 9. gr. oml.⁴⁰

Hvað varðar lokun þinghalda í einkamálum er sjaldgæft að um það skapist ágreiningur. Eins og fyrr segir geymir 8. gr. eml. heimildir dómara þess efnis, en þær lúta m.a. að tilliti til hagsmuna málsaðila eða vitna sem vegið getur þyngra en hagsmunir almennings af opnum þinghöldum. Þá er að finna sérreglur í lögum um þær aðstæður þar sem málefni eru sérstaklega viðkvæm og persónuleg, sem gerir að verkum að þinghöld í slíkum málum skulu ávallt vera lokuð. Dæmi um slíkt er að finna í 2. mgr. 38. gr. barnalaga nr. 76/2003 um þinghöld í forsjármálum og 2. mgr. 54. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem geymir sambærilega reglu.

³⁸ Alþt. 2007-2008, A-deild, þskj. 252- 233. mál – um 10. gr.

³⁹ Ísland, *Lög um meðferð sakamála: Ásamt greinargerð* (nr. 36) 43.

⁴⁰ Sama heimild.

Mikilvægt er að hafa í huga að hér er um að ræða undantekningar frá meginreglunni um opinbera málsmeðferð, sem er hluti af réttlátri málsmeðferð manns sem sakaður er um refsiverða háttsemi. Ef víkja á frá reglunni þurfa sérstakir, ríkir hagsmunir að liggja þar að baki og undantekningar af þessu tagi ber að skýra þröngt. Það er því hlutverk dómara að leggja mat á þær aðstæður í hverju sinni og þarf hann að vera reiðubúinn til að rökstyðja ákvörðun sína sem hann telur ástæðu þess að loka þinghaldi.⁴²

3.2. Heimild dómara til að loka þinghaldi

Almennt eru þinghöld í sakamálum opin hverjum sem er, en hins vegar geta eðli og aðstæður máls og málsaðila, gefið ástæðu til að þinghald sé lokað. Í 1. mgr. 10. gr. sml. er að finna heimild dómara til að loka þinghaldi, telji hann það nauðsynlegt. Samkvæmt 1. mgr. er dómara heimilt að takmarka aðgang að dómþingi og jafnvel loka dómþingi að hluta til á meðan skýrsla er tekin af vitni. Þá er í a-lið 1. mgr. 10. gr. því lýst að dómara sé heimilt að loka þinghaldi telji hann það nauðsynlegt - til hlífðar sakborningi, brotþola, vandamanni þeirra, vitni eða öðrum er málið varðar, sbr. *Hrd. 806/2013*:

Af hálfu vitnisins A er á því byggt að hún muni þurfa við skýrslutöku fyrir dómi að skýra frá síðustu stundunum í lífi dóttur sinnar, sambandi sínu við varnaraðila, fyrrum sambýlismann sinn, og öðrum afar persónulegum og viðkvæmum atriðum. Með skírskotun til þess er á það fallist með vitninu og sóknaraðila að samkvæmt a. lið 1. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 skuli skýrslutaka af henni fara fram fyrir luktum dyrum.

Ákvæði þetta er ætlað til að vernda friðhelgi einkalífs, sökum þess að stundum er um mál að ræða, sem eru þeim áðurnefndum aðilum sérstaklega viðkvæm.⁴³ Þá er algengt að mál fari fram fyrir luktum dyrum í kynferðisbrotamálum, til verndar brotþola, einkum ef um barn er að ræða, sbr. b.lið 1. mgr. 10. gr. sml. Hagsmunir málsaðilanna sjálfra geta einnig komið til með að vera ástæða þess að heimild til að loka þinghaldi sé þörf. Það gæti verið vegna ungs aldurs sakbornings eða andlegs ástands hans. Einnig getur það haft þýðingu að þeir aðilar sem málinu tengjast séu sérstaklega viðkvæmir þannig að aðgangur almennings eða fjölmiðla gæti valdið þeim miklum óþægindum, sbr. a-liður 1. mgr. 10. gr. sml. Þegar slíkir hagsmunir liggja fyrir geta þeir vegið þyngra en réttur almennings að vita hvað fer fram fyrir dómstólum og þarf að meta það hverju sinni. Í *Hrd. 179/2002* var kærð synjun Héraðsdóms Reykjavíkur um lokun þinghalds vegna andlegs ástands ákærða. Kröfunni var hafnað með vísan til reglunnar um

⁴¹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi*, (nr.7) 272–273.

⁴² Frumvarp sml. (nr. 39).

⁴³ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlaanna* (nr. 22) 368.

réttláta og opinbera málsmeðferð á grundvelli 1. mgr. 6. gr. MSE. Í úrskurði dómara voru rök hans m.a. sú að hér stönguðust á hagsmunir sakborninga og samfélagsins af því almenningur og fjölmiðlar ættu að geta fylgst með hvort málsmeðferðin væri sannarlega réttlát. Einnig hafði móðir eins brotþolans gert kröfu um að málsmeðferðin væri opinber. Hinn kærði úrskurður var staðfestur af Hæstarétti á þeim rökum.⁴⁴ Í dómi *S-986/2010* var maður ákærður fyrir manndráp með því að hafa veist að manni á heimili hans og stungið hann ítrekað. Af hálfu ákærða var krafist að þinghöld í máli hans yrðu lokað til hlífðar sakborningi og fjölskyldu hans, með vísan til a-liðar 1. mgr. 10. gr. Þá hafði ákærði gengist undir geðrannsókn dómkvadda matsmanns sem taldi að hinn ákærði hafði verið ófær um að stjórna gerðum sínum við verknaðinn vegna geðrofs. Héraðsdómur hafnaði kröfu ákærða og vísaði m.a. í dóm *Hrd. 179/2002* því til stuðnings:

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála er það meginregla að þinghöld séu háð í heyranda hljóði og er þessi meginregla varin í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Heimilt er að víkja frá þessari grundvallarreglu í undantekningartilvikum, m.a. ef það er nauðsynlegt til hlífðar sakborningi, brotþola, vandamönnum þeirra, vitni eða öðrum sem málið varðar. Fyrir liggur geðrannsókn sem dómkvaddur matsmaður framkvæmdi og yfirmat þar sem m.a. er lýst hörmulegu áfalli sem ákærði og fjölskylda hans varð fyrir er faðir hans svipti sig lífi á heimilinu, en matsmenn telja atvik þetta hafa haft djúpstæð áhrif á ákærða og mótað líf hans. Niðurstaða matsmanna er sú að ákærði hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, er hann framdi verknað þann sem í ákæru greinir, vegna svæsins geðrofs. Réttarhöld í máli sem þessu hljóta eðli máls samkvæmt almennt að vera viðkvæm og þungbær fyrir sakborning og fjölskylda hans. Eins og áður segir er það meginregla að almenningur geti fylgst með réttarhöldum og fjölskylda hins látna krefst þess eindregið að málsmeðferðin verði opinber. Að mati dómsins eru aðstæður ekki það sérstakar að réttlætt geti að aðalmeðferð verði háð fyrir luktum dyrum. Að þessu sögðu og með vísan til dóms Hæstaréttar í máli nr. 179/2002 verður að hafna kröfu ákærða.

Það er því ekki sjálfsagt að dómara fallist á lokun þinghalds. Draga má þá ályktun af dómaframkvæmd, að til þess þurfi mjög skýr og haldbær rök af hálfu þess aðila er krefst lokunar þinghalds. Sýna þarf með sönnu, að hagsmunir þeirra vegi þyngra en þeir hagsmunir sem meginreglan um opinbera málsmeðferð kveður á um. Ákvarðanir dómara á grundvelli framangreindra ákvæða um lokað þinghald kemur ekki í veg fyrir þann grundvallarrétt samkvæmt 70. gr. stjkskr. að mál sakaðs manns hljóti réttláta málsmeðferð fyrir dómi.

Í réttinum felst meðal annars að sakaður maður fái að vera viðstaddur í þinghaldi í máli sínu, til að hlýða á sönnunarfærslu og taka afstöðu til hennar og gefast kostur á að fá að taka þátt í málsvörn sinni.⁴⁵ Til að víkja megi frá því þurfa sérstaka aðstæður að liggja fyrir, sbr. 123. gr. sml.⁴⁶

Dómari getur samkvæmt kröfu ákærandra eða vitnis ákveðið að ákærða verði vikið úr þinghaldi meðan það gefur skýrslu ef dómari telur að nærvera ákærða geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess.

⁴⁴ Björg, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (nr.7) 271.

⁴⁵ Hrd. 29. nóvember 2004 í máli nr. 460/2004.

⁴⁶ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (nr. 7) 272.

Nú er skýrsla tekin af vitni yngra en 15 ára og getur þá dómari kvatt til kunnáttumann sér til aðstoðar við skýrslutöku. Ákærandi, ákærði og verjandi hans eiga ekki rétt á að vera viðstaddir í dómstal eða annars staðar þar sem dómþing er háð ef dómari telur að nærvera þeirra geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar og haft áhrif á framburð þess. Á sama hátt getur dómari ákveðið að ákærði og málflytjendur skuli víkja úr þinghaldi ef skýrsla er tekin af vitni án þess að það þurfi að skýra frá nafni sínu í heyranda hljóði, sbr. 8. mgr. 122. gr.

Ef ákærða er óheimilt að vera viðstaddur skýrslutöku skv. 1. mgr. eða ákærða og málflytjendum skv. 2. mgr. skal dómari sjá til þess að þeir geti fylgst með skýrslutöku um leið og hún fer fram. Jafnframt er honum rétt að leggja fyrir vitnið þær spurningar sem þeir óska. [Dómstólasýslan]¹⁾ setur nánari reglur²⁾ um tilhögun skýrslutöku samkvæmt þessari grein.

Ágreiningar um ákvörðun dómara um beitingu þessa heimildar hefur komið fyrir dómstóla, en vandlega þarf að fara með beitingu þeirra. Í þessu samhengi má benda á *Hrd.* 499/1999, 460/2004, 569/2017 og *Lrd.* 704/2019, 771/2019. Í síðarnefndum dómi, var kærður úrskurður héraðsdóms þar sem fallist var á þá kröfu brotþola um að hinn ákærði, sem sakaður var um kynferðisbrot gagnvart honum, yrði vikið úr dómstal á meðan hann gaf skýrslu. Í Héraðsdómi var fallist á kröfu brotþola, á þeim grundvelli að þótti sýnt nægilega vel fram á að það yrði brotþola sérstaklega til íþyngingar, skuli hinn ákærði vera viðstaddur. Var meðal annars lagt fram vottorð frá sálfræðingi hans því til stuðnings. Niðurstaðan var hins vegar snúið við í Landsrétti með framangreindum rökum:

Brotþoli er í dag 18 ára gömul. Þá eru, eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði, engin tengsl á milli hennar og ákærða. Af framangreindu vottorði sálfræðingsins verður ekki skýrlega ráðið hvaða sérstöku rök liggja að baki því mati að nærvera varnaraðila geti orðið brotþola sérstaklega íþyngjandi þegar hún gefur skýrslu fyrir dómi og með hvaða hætti það geti haft áhrif á framburð hennar, svo sem áskilið er í 123. gr. laga nr. 88/2008. Þá er vottorðið ódagsett og tekur mið af meðferðarviðtölum við brotþola sem fóru fram fyrir rúmu ári síðan er hún dvaldi á [...] en ekki hafa verið lögð fram í málinu gögn sem varpa ljósi á aðstæður hennar og líðan í dag.

Í *Hrd.* 806/2013 var hafnað kröfu ákærða um að þinghöld í máli hans yrðu lokuð. Hinum ákærða var gefið að sök stórfelld líkamsárás með því að hafa hrist fimm mánaða dóttur sína svo harkalega að barnið hlaut margvíslega áverka og lést af völdum þeirra í kjölfarið. Við þingfestingu málsins krafðist verjandi ákærða að þinghöld yrði lokuð og tók réttargæslumaður brotþola einnig undir kröfuna. Töldu þeir nauðsynlegt að hlífa honum samkvæmt a-lið 1. mgr. 10. gr. sml. Sækjandi tók einnig undir kröfuna en taldi þó ekki nauðsynlegt að hlífa ákærða. Ekki var fallist á framangreinda kröfu með vísan til a-liðar 1. mgr. 10. gr. sml., í hinum kærða úrskurði segir m.a.:

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar skulu dómþing háð í heyranda hljóði. Frá þessari meginreglu má þó víkja, sbr. nefnt ákvæði sakamálaganna. Það þurfa þó að vera ríkar ástæður til þess að víkja frá meginreglunni um að þinghöld í sakamálum séu opin. Nær öllum sakborningum er það erfitt, og sumum mikil raun, að sitja í þinghaldi þar sem fjallað er um ákærur á hendur þeim. Hið sama á við um brotþola og aðra sem tengjast honum og ákærða. Þótt ákærði sé ákærður fyrir mjög alvarlegan glæp er það út af fyrir sig ekki næg ástæða til að loka þinghaldinu. Ekki verður séð af gögnum málsins að fyrir hendi séu einhver önnur atriði sem ættu að valda því að hlífa ætti ákærða um fram aðra sakborninga sem þurfa að sæta því að sitja í opnum þinghöldum þar sem fjallað er um mál þeirra. Hið sama á við um brotþola og aðra sem tengjast henni og ákærða. Samkvæmt þessu er því hafnað að loka þinghöldum við meðferð málsins.

Hér má sjá hvernig meginreglan um opinbera málsmeðferð birtist, mikið þarf að koma til, til að víkja megi frá 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Málið sem um ræðir var afar viðkvæmt fyrir alla þá sem að því komu. Dómari bendir á að þungbært sé fyrir flesta sakborninga að vera viðstaddir í þinghaldi í málum gegn þeim og hið sama gildir um brotþola. Ekki var talið að nægilegar ríkar ástæður lægju fyrir, og því hafa þeir hagsmunir sem meginreglan verndar vegið þyngra í máli þessu.

„Eins og fram kemur í hinum kærða úrskurði verða að vera fyrir hendi ríkar ástæður til að vikið verði frá fyrrgreindri meginreglu stjórnarskrárinnar um að þinghöld í dómsmálum skuli vera opin. Þótt það sé yfirleitt þungbært fyrir ákærða og aðra þá sem mál varðar að þinghöld í sakamálum séu háð fyrir opnum tjöldum nægir það eitt og sér ekki til þess að þeim verði lokað, heldur verður eitthvað meira til að koma svo að það verði gert, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 19. apríl 2002 í máli nr. 179/2002 sem birtur er í dómasafni það ár, bls. 1406. Samkvæmt því er þeirri kröfu hafnað að þinghöld málsins skuli háð fyrir luktum dyrum.“

Af framangreindum dómi má sjá að þó svo að mál geti verið afar viðkvæmt og erfið fyrir þá sem málið varðar, er það ekki sjálfsagt að dómari fallist á að loka þinghaldi, dómari fer varlega í að beita þessari heimild sinni líkt og í þessu tilfelli og taldi hann að meira þyrfti að koma til. Í þessu samhengi má benda á *Hrd. 648/2011*. Í því máli svipaði til málsatriða, en hinni ákærðu var gefið að sök að hafa orðið nýfæddu barni sínu að bana og krafðist verjandi hennar að þinghöld yrði lokað við þingfestingu. Því var hafnað af dómara og var krafan því tekin til úrskurðar. Byggði verjandi kröfu sína á a-lið 1. mgr. 10. gr. sml. að loka þinghaldi til hlífðar sakborningi og öðrum sem málið varðar. Kröfunni var hafnað í Héraðsdómi á þeim forsendum að ekki lágu fyrir nein atriði sem gáfu tilefni til að hlífa henni umfram aðra sakborninga sem þurfa að sæta því að þinghöld séu opin í málum þeirra. Í *Hrd. 179/2002* hafði hinn ákærði verið sakaður um manndráp og kynferðisbrot með því að eiga í tölvu sinni kynferðislegt myndefni af börnum. Þá hafði geðlæknir lagt fram geðheilbrigðisrannsókn sem að hinn ákærði hafi verið ósakhæfur við framkvæmd brotanna, hann hafði sýnt merki um sturlunarsjúkdóm og var haldinn ranghugmyndum. Þar að auki lagði sálfræðingur fram vottorð þess efnis að hinn ákærði væri mjög kvíðinn því að þurfa að þola opin og fjölmenn réttarhöld og meðferð hans myndi raskast ef þeim yrði háttað þannig. Með vísan til þessara atriða var krafist þess að þinghöld yrði lokað samkvæmt a-liðar. 1. mgr. 7. gr. opl., nú a-liður. 1. mgr. 10. gr. sml. Krafa ákærða var hafnað með eftirfarandi rökum:

Ljóst er að réttarhöld eins og þau sem fyrir dyrum standa í málinu hljóta yfirleitt að vera þungbær fyrir sakborning og vafalaust er að ákærði kvíðir því að þurfa að sæta því að þau fari fram í heyranda hljóði. Á hinn bóginn er til þess að líta að sakborningar verða almennt að þurfa að þola það að fjallað sé fyrir opnum tjöldum um sakir sem á þá eru bornar og eins til þess að hagsmunir almennings, og um leið sakborninga sjálfra, af því að rekstur sakamála fari fram fyrir opnum tjöldum, eru mjög ríkir og þeim mun ríkari sem sakirnar í málinu eru meiri.

Sakborningar þurfa almennt að þola að málsmeðferð þeirra sé opinber og þinghald opið almenningi. Það er matsatriði hverju sinni og þurfa ríkar ástæður að liggja fyrir til að víkja frá því, þar sem hagsmunir almennings eru mjög ríkir. Í nýlegum dómi var *Lrd. nr. 109/2019* var úrskurður dómara kærður varðandi kröfu hins ákærða um að þinghöld yrðu háð fyrir luktum dyrum. Málið varðaði hegningarlagaþrot, fyrir brennu og manndráp í íbúðarhúsnæði þar sem tveir létu lífið. Ákærðu byggðu kröfur sínar á a- og d-liði 10. gr. sml. að lokað yrði þinghaldi til hlífðar sakborningi og af velsæmisástæðum. Dómari hafnaði kröfunni í héraðsdómi þar sem ekki var talið að nægjanlega ríkar ástæður lægju fyrir til að loka mætti þinghaldi. Hinn kærði úrskurður var svo staðfestur í Landsrétti með vísan til framangreindra forsendna.

Í *Hrd. 353/2012* var kærður úrskurður dómara um að þinghöld skuli vera opin í þinghaldi í máli er varðaði manndráp. Hinn ákærði var sakaður um að hafa ráðið unnustu sinni bana á hrottafenginn hátt. Aðstandendur fórnarlambins, sonur og foreldrar hennar, kröfðust þess að öll þinghöld í málinu yrðu háð fyrir luktum dyrum. Í viðtali við fjölmiðla sagði réttargæslumaður þeirra að aðstæður í málinu væru með þeim hætti að undantekning laganna ætti við. Það myndi vera ansi þungbært fyrir aðstandendur að hlusta á þau viðkvæmu atriði sem óhjákvæmilega yrði fjallað um í fjölmiðlum.⁴⁷ Í héraðsdómi var kröfu þeirra hafnað á þeim forsendum að ekki þættu aðstæður í málinu það sérstakar að það réttlætti undantekningu frá meginreglunni um að þinghöld yrðu háð í heyranda hljóði. Úrskurðurinn var staðfestur í Hæstarétti á þeim rökum að undantekning frá meginreglunni yrði að skýra þröngt og engar aðstæður í málinu væri með þeim hætti að þær fullnægðu skilyrðum undantekningarinnar líkt og kom fram í Héraðsdómi.

Þá er kveðið á um í 3. mgr. 10. gr. um heimild dómara til að takmarka aðgang áheyranda að þinghaldi við þá sem rúmast á þingstað með góðu móti. Þetta getur verið afar sérstök staða fyrir dómara, en fréttamenn geta verið í hópi þeirra, sem gæti þurft að vísa frá þinghaldi. Líkt og fjallað verður um síðar í ritgerðinni, getur frávísun fjölmiðla frá þinghaldi strítt gegn meginreglunni um opinbera málsmeðferð, þar sem fréttir fjölmiðla af gangi sakamála njóta mikils vægis í samfélaginu. Þá kemur fram í 4. mgr. 10. gr. sml. að dómara sé heimilt að vísa manni úr réttarhaldi, sé návist hans truflandi eða framkoma hans óviðeigandi í orði eða verki. Ekki hefur ágreiningur borist dómstólum vegna framangreinds ákvæðis, en það segir sig sjálft og þykir ekki tilefni til að fjalla um það nánar hér. Að lokum, er kveðið á um í 5. mgr. 10. gr. sml. að dómara sé heimilt að leggja bann við opinberri frásögn af þinghaldi, skv. 2. mgr. 11.

⁴⁷ „Farið fram á lokað þinghald“ <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/05/22/farid_fram_a_lokad_thinghald/> (mbl.is)skoðað 24. maí 2020.

gr. og sé það gert í stað þess að loka þinghaldi. Ákvæðið endurspeglar regluna um meðalhóf og sækir fyrirmynd sína til 4. mgr. 29. gr. dönsku réttarfarslaganna.⁴⁸

Sá sem ekki sættir sig við ákvörðun dómara um lokun þinghalds, getur krafist úrskurðar af hálfu hans. Sá úrskurður er svo kæránlegur sbr. b-liður. 192. gr. sml. Fjallað verður um heimild aðila til að kæra slíkan úrskurð, þá sérstaklega í tilviki fjölmiðla, í næsta kafla.

4. Fjölmiðlar og tjáningarfrelsið

4.1. Almenn

Þjóðin fylgist með gangi mála og niðurstöðum dómstóla í gegnum fjölmiðla. Undanfarin ár hefur mikið vatn runnið til sjávar er varðar notkun og miðlun þeirra sem auðsjáanlega má rekja til tækninýjunga og aukinnar notkunar samfélagsmiðla. Almennur hefur því greiddan aðgang að frásögnum fjölmiðla um hvað fer fram í réttarsölum. Í frumvarpi með lögum nr. 97/1995 sem fól í sér innleiðingu á meginreglunni um opinbera málsmeðferð, sbr. 70. gr. stjkskr, kom fram að með henni fylgir að fjölmiðlar fái tækifæri til að upplýsa almenning um rekstur dómsmála og niðurstöður þeirra. Sú upplýsingamiðlun væri helsta uppspretta vitneskju almennings um hvað fer fram í dómstólum og störfum dómara.⁴⁹ Það er því mikilvægt að frásagnir fjölmiðla séu réttar, nákvæmar og hlutlausar.⁵⁰ Fjölmiðlar hafa lengi vel gegnt lykilhlutverki í lýðræðissamfélagi og er tilvist þeirra nokkuð sjálfsgöð, þar sem þeir eru svo samofnir umhverfinu að fáir geta ímyndað sér samfélagið án þeirra.⁵¹ Í því sambandi má líta til ummæla Ólafs Jóhannessonar, í riti hans um prentfrelsi og nafnleynd:

Blöð gegna mikilvægu hlutverki í lýðræðislandi. Þau eiga að vera frjálsir fréttamiðlar, halda uppi gagnrýni á því, sem miður fer í þjóðfélaginu, og veita stjórnvöldum og öðrum forráðamönnum aðhald. Góð blöð eiga að leita sannleikans og segja hann, þegar við á, hver sem í hlut á.⁵²

Það má segja með sönnu að fjölmiðlar njóti stöðu áhrifavalda í samfélaginu, almenningur myndar skoðanir sínar á mönnum og málefnum eftir því sem þeir fræðast um í gegnum fjölmiðla – einkum sé hún skipuleg og markviss. Af þessari stöðu felst kraftur þeirra til að virkja þjóðfélagsafl, sem getur leitt til vitundarvakningar í samfélaginu með tilheyrandi kröfum til breytinga og umbóta. Þekking almennings á heimsmyndinni kemur að miklu leyti

⁴⁸ Ísland, *Lög um meðferð sakamála: Ásamt greinargerð*(nr. 36) 43.

⁴⁹ Frumvarp stjkspl. (nr. 23). – um 8. gr.

⁵⁰ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 358.

⁵¹ Alþt. 2010-2011, A-deild, þskj. 215-198. mál.

⁵² Ásgerður Ragnarsdóttir og Stefán A. Svansson, *Um aðgang almennings að gögnum dómsmála* (4. útgáfa, Úlfjótur, tímarit laganema 2003) 316-317.

frá fjölmiðlaumfjöllunum og er því óneitanleg staðreynd að í fjölmiðlum býr vald til áhrifa og af því ræðst mikilvægi þeirra.⁵³

4.2. Hlutverk fjölmiðla

Samkvæmt 8. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla⁵⁴ er hugtakið fjölmiðill skilgreint svo:

Fjölmiðill er hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn. Til fjölmiðla teljast m.a. dagblöð og tímarit, ásamt fylgiritum þeirra, netmiðlar, hljóð- og myndmiðlar og aðrir sambærilegir miðlar.

Hlutverk fjölmiðla er óhjákvæmilega mikilvægt í lýðræðissamfélagi og er því nauðsynlegt að þeir njóti frelsis til umfjöllunar og séu frjálssir til að veita gagnrýni sem leiðir til aðhalds á stjórnvöldum og æðri handhöfum þess.⁵⁵ Meginhlutverk fjölmiðla er að upplýsa, fræða, mennta og skemmta – þá sjá þeir einnig um birtingu á almennum tilkynningum og auglýsingum. Venjulega hafa íslenskir fjölmiðlar frelsi um efnisval sitt og er löggjafinn því almennt ekki að grípa fram fyrir hendur þeirra.⁵⁶ Þá gilda lög nr. 38/2011⁵⁷ um fjölmiðla, en markmið með setningu þeirra var eftirfarandi:

Markmið laga þessara er að stuðla að tjáningarfrelsi, rétti til upplýsinga, fjölmiðlalæsi, fjölbreytni og fjölræði í fjölmiðlun sem og að efla vernd neytenda á þeim vettvangi. Markmið laganna er jafnframt að koma á samræmdri löggjöf á vettvangi fjölmiðlunar óháð því miðlunarformi sem er notað.

Þá eru lagareglur ekki einu reglurnar sem gilda um starfsemi fjölmiðla. Fjölmiðlar eru einnig bundnir vissum háttarnisreglum, þ.e. siðareglum fjölmiðla, sem eru til þess fallnar að vernda almenning gagnvart ágengri eða harkalegri fjölmiðlaumfjöllun.⁵⁸

Þegar hlutverk fjölmiðla er hugleitt frekar má vissulega sjá að þeir geta gegnt lykilhlutverki í að veita ákveðið aðhald gagnvart æðri valdamönnum þjóðfélagsins. Þetta hefur verið ljóst undanfarin ár – bæði hvað varðar persónulega hegðun þeirra sem eru við völd og þær ákvarðanir er varða almenning. Hlutverk fjölmiðla er að veita þessum aðilum aðhald sem er gríðarlega mikilvægt og því hlutverki geta þeir ekki sinnt án þess að gæta tiltekinna siðferðislegra leikreglna og samtímis njóti frelsis við starf sitt.⁵⁹

⁵³ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 39.

⁵⁴ Hér eftir skammstöfuð fjml.

⁵⁵ Ásgerður Ragnarsdóttir og Stefán A. Svannson (nr. 52) 316-317.

⁵⁶ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 40.

⁵⁷ Hér með skammstöfuð fjml.

⁵⁸ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22)239.

⁵⁹ Sama heimild 40-41.

4.3. Tjáningarfrelsi

Vitaskuld á að vera sjálfsagður hluti af mannréttindum okkar að við njótum réttarins til skoðana- og tjáningarfrelsis. Þessi réttindi eru vernduð af 73. gr. stjkskr, en í þeim felst að allir séu frjálssir skoðana sinna og sannfæringar, sbr. 1. mgr. greinarinnar. Í 2. mgr. er fjallað um rétt manns til að láta í ljós hugsanir sínar en skal þó ábyrgjast þær fyrir dómi, komi það til. Loks kemur fram í 3. mgr. að þessum réttindum má einungis setja skorður að uppfylltum sérstökum skilyrðum.⁶⁰ Í framangreindu ákvæði er hins vegar ekki minnst á hlutverk eða réttarstöðu fjölmiðla hvað tjáningarfrelsið varðar, né stöðu almennings gagnvart þeim. Það er hins vegar gert, í 1. mgr. 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem samsvarar ákvæði 73. gr. stjkskr. Þar segir, að réttur til tjáningarfrelsis skal einnig ná til frelsis til að hafa skoðanir, taka við og skila áfram upplýsingum og hugmyndum, bæði hér heima og erlendis án afskipta stjórnvalda. Af orðalaginu má telja að vísað er til „fjölmiðlafrelsisins“ og rétt almennings til að fá upplýsingar í gegnum fjölmiðla.⁶¹

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur í dómaframkvæmd sinni ítrekað staðfest að fjölmiðlar gegni mikilvægu hlutverki í lýðræðisþjóðfélagi. Í hlutverki þeirra felst að miðla upplýsingum til almennings um þjóðfélagslega hagsmuni og á vettvangi stjórn málaumræðu. Dómstóllinn hefur því litið svo á í ljósi mikilvægs hlutverki fjölmiðla að það sé ekki einungis skylda þeirra heldur einnig réttur almennings að fá slíkar upplýsingar. Þurfa því sérstaklega veigamiklar ástæður að liggja fyrir til að skerða megi starfsemi fjölmiðla þannig að það teljist nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi.⁶² Í þessu samhengi má nefna dóm *Sunday Times gegn Bretlandi nr. 6538/74*, en hann er þýðingarmikill þar sem dómstóllinn tók afstöðu til frelsi fjölmiðla til að upplýsa almenning um málefni er snerta hagsmuni þeirra.⁶³ Málið snérist um birtingu á blaðagrein í breska dagblaðinu *Sunday Times*, en greinin fjallaði um skaðsemi lyfja á föstur þungaðra kvenna. Þá var áætlun blaðsins að birta aðra blaðagrein sem fjallaði ítarlegar um hvernig lyfjafyrirtækið hafði vanrækt skyldu sína og nánari umfjöllun um skaðsemi þess. Grein þessi byggðist á gögnum sem rakið var til gagna í dómsmáli lyfjafyrirtækisins sem enn var til meðferðar. Breskir dómstólar lögðu bann við þessari birtingu og fór málið því fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Dagblaðið hélt því fram að umfjöllun af þessu tagi væri nauðsynleg og væri í hag almennings að vera upplýstur um skaðsemi lyfsins jafnt sem háttsemi fyrirtækisins. Bryti því lögbannið gegn tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 10. gr. MSE.

⁶⁰ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (nr.7) 347.

⁶¹ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 52.

⁶² Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (nr.7) 385.

⁶³ Ásgerður Ragnarsdóttir og Stefán A. Sveinsson (nr. 52) 91.

Niðurstaðan var sú að meirihluti dómsins taldi að lögbannið bryti gegn 10. gr. MSE. Það væri ekki aðeins verkefni fjölmiðla að miðla upplýsingum til fjölmiðla sem varða hagsmuni þeirra, heldur einnig réttur almenningsins að fá réttar upplýsingar, sem tryggður er í 10. gr. Með þessari niðurstöðu hefur dómstóllinn því tekið afstöðu til mikilvægi fjölmiðlafrelsisins og viðurkennt það sjónarmið að hagsmunir almennings feli í sér víðtækan rétt til upplýsinga.⁶⁴

Þá hefur Mannréttindadómstóllinn einnig tekið afstöðu til vernd heimildarmanna. Því skal litið til máls enska blaðamannsins *William Goodwin gegn Englandi nr. 17488/90*. Dómurinn fjallaði um ágreining breska dómstóla vegna skyldu blaðamanns til að gefa upp heimildarmenn sína, sem reyndust búa yfir stolnum trúnaðarupplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækis. Upplýsingar þessar höfðu einungis átt að fara í hendur þeirra aðila sem heyrðu undir trúnaðarskyldu fjármálastjórn fyrirtækisins, og því var krafist af blaðamanninum að afhenda gögnin og nafn heimildarmannsins. Blaðamaðurinn bar því fyrir sig að þeir hagsmunir sem fælust í birtingu upplýsinganna fyrir almenningi vegi þyngra en þeir sem kröfðust afléttingu þagnarverndarinnar. Málið fór alla leið til æðsta réttar Englands sem féllst ekki á rök hans og úrskurðaði um að honum væri gert að upplýsa um heimildarmann sinn og jafnframt um að hann skyldi sæta fimm þúsund sterlingspunda sektar og jafnvel fangelsisrefsingar, yrði það ekki gert. Blaðamaðurinn skaut málinu til Mannréttindanefndar Evrópu, sem síðar fékk meðferð hjá Mannréttindadómstól Evrópu.⁶⁵

Niðurstaða dómstólsins var sú að ákvörðun enskra dómstóla að krefjast þess, m.ö.o. þvinga, blaðamanninn um að uppljóstra um heimildarmann sinn, bryti gegn 10. gr. MSE um tjáningarfrelsi.⁶⁶ Dómur af þessu tagi hafði áður ekki farið áður fyrir dómstóllinn og því voru niðurstöður hans taldar hafa ríkt fordæmisgildi, sem myndi hafa áhrif á löggjöf og framkvæmd aðildarþjóða þegar reyndi á tjáningarfrelsi fjölmiðla og vernd heimildarmanna.⁶⁷

Framangreind sjónarmið hafa leitt í ljós í dómaframkvæmd íslenskra dómstóla eftir gildistöku stjórnarskrárinnar frá árinu 1995, sem nánar verður vikið af í kaflanum hér á eftir.⁶⁸

4.3.1. Afstaða íslenskra dómstóla til tjáningarfrelsis fjölmiðla

Í dómi *Hrd. 122/1992* taldi dómurinn svo að fjölmiðlar hefðu mikilvægu hlutverki að gegna í nútímaþjóðfélagi og yrði að játa blaðamönnum frelsi til tjáningar. Málið varðaði ærumeiðingar og ómerkingu ummæla af hálfu blaðamanna hjá þástarfandi vikublaði. Blaðamenn vöktu

⁶⁴ Sama heimild.

⁶⁵ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22)312–320.

⁶⁶ Sama heimild 312.

⁶⁷ Sama heimild 315.

⁶⁸ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (nr.7) 385.

athygli á því að grunur lá fyrir því að að ákærandi hafði í höndum sér fölsuð málverk sem átti að selja á uppboði. Þá höfðu umrædd málverk átt að vera send í röntgengreiningu til að staðfesta aldur þeirra, sem var síðar ekki talið þurfa af hálfu rannsakenda. Greinin birtist í vikublaðinu Pressunni með titlinum „Úlfar í Gallerí Borg laug til um rannsóknir á málverkum“.⁶⁹ Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms og dæmdi blaðamennina til greiðslu á bótum vegna greinarinnar. Dómurinn tók það fram að fullyrðingin í titlinum hafði falið í sér rangar og misvísandi upplýsingar um vafasöm viðskipti í Gallerí Borg. Með dóminum staðfesti Hæstiréttur mikilvægi hlutverks fjölmiðla en hins vegar þarf að gera þær kröfur til blaðamanna að þeir byggi umfjöllun sína á vandaðri könnun á staðreyndum.⁷⁰

Þá má í þessu samhengi benda á *Hrd. 729/2017* og *Lrd. 433/2019*, en þar var deilt um heimild fjölmiðla til að fjalla um, og nafngreina og myndbirta menn í máli sem varðaði meint kynferðisbrot þeirra. Þá höfðu fjölmiðlar fjallað ítarlega um málið og fólu þær í sér upplýsingar sem reyndust síðar ekki vera sannar né tækar fyrir dómi, en þá hafði málið verið á rannsóknarstigi. Mennirnir höfðuðu mál gegn blaðamönnum sem stóðu á bakvið greinarnar og kröfðust ómerkingar á ummælum þeirra. Í *Hrd. 729/2017* viðurkenndi dómurinn rétt fjölmiðla til að fjalla um mál á rannsóknarstigi, sem varið er af tjáningarfrelsi þeirra samkvæmt 73. gr. stjkskr. Hins vegar hafði ekki verið gætt nægilega að friðhelgi einkalífs manna við umfjallanirnar, en afleiðingar voru gríðarlega íþyngjandi fyrir mennina tvo, sem flúðu land og flosnuðu upp úr starfi og námi. Nánar verður fjallað um málið í kafla 5.3. um nafngreiningar.

Í dómi *Hrd. 419/1995* var fjallað um skyldu blaðamanns til að upplýsa um heimildarmenn sína, en rannsóknarlögregla ríkisins krafðist að slíkt yrði gert á grundvelli 1. mgr. 53. gr. oml. (nú a-liður, 1. mgr. 119. gr. sml.). Í ákvæðinu kemur fram að þeim sem ber ábyrgð á efni prentaðs rits skal óskytt skýra frá því fyrir dómi hver væri heimildarmaður sinn, sé það nauðsynlegt fyrir rannsókn máls. Málvextir voru þeir að hin ákærða, sem var blaðamaður, hafði birt greinar sem fjölluðu um skuldaskil íslenskra samvinnufélaga. Í greinunum birtust ítarlegar upplýsingar sem blaðamaðurinn hafði aflað sér í gegnum heimildarmann eða -menn. Leiða mátti líkur að því að slíkar upplýsingar hefðu komið frá þeim sem stæðu mjög nærri atburðum og hefðu aðgang að öllum gögnum sem aldrei hefðu verið gerð opinber. Gögnin hefðu því trúlega komið frá Landsbankanum sem lutu að skuldaskilum sambandsins við bankann, sem voru trúnaðargögn og upplýsingar. Bankaeftirlit Seðlabankans

⁶⁹ ‘Morgunblaðið - 73. Tölublað (26.03.2000) - Tímarit.Is’ 10

<<https://timarit.is/page/1963400?iabr=on#page/n9/mode/1up/search/%22Laug%20til%20um%20ranns%C3%B3knir%20%C3%A1%20m%C3%A1lverkum%22>> sótt 7. maí 2020.

⁷⁰ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (nr.7) 385.

leitaði því til ríkissaksóknara um að hefja rannsókn vegna mögulegra brota á trúnaðarákvæðum um opinbera starfsmenn.⁷¹ Í kjölfarið óskaði rannsóknarlögregla eftir úrskurði héraðsdóms um vitnaskyldu blaðamanns að gefa upp heimildarmenn sína. Í héraðsdómi var blaðamanninum gert það skylt að koma fyrir dóm sem vitni, en talið var að skilyrði 1. mgr. 53. gr. oml. um að nægjanlega ríkir hagsmunir hafi verið í húfi hafi verið uppfyllt.

Blaðamaðurinn sætti sig ekki við niðurstöðu héraðsdóms og var því málinu skotið til Hæstaréttar. Rannsóknarlögreglan krafðist staðfestingar á úrskurðinum og krafðist ennfremur að blaðamanninum yrði gert að svara spurningum um hvaða upplýsingar hann hefðu undir höndum og hver hafði afhent honum þær. Hæstiréttur felldi úrskurð Héraðsdóms úr gildi og hafnaði kröfum rannsóknarlögreglu að blaðamanninum yrði gert að upplýsa um gögn og heimildarmann sinn.

Varnaraðili ritaði greinamar í eigin nafni og ber sem höfundur ábyrgð á efni þeirra samkvæmt 15. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt. Skýra ber ákvæði 1. mgr. 53. gr. laga nr. 19/1991 svo, að það nái til tilviks þess, sem hér um ræðir. Ákvæðið undanskilur varnaraðila ekki frá vitnaskyldu, sbr. 49. gr. sömu laga, heldur því að svara spurningum um heimildarmenn að frásögninni, nema svo standi á sem í ákvæðinu greinir. Efni ákvæðisins á rót sína að rekja til ákvæða stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um tjáningarfrelsi og byggist á þeim sjónarmiðum, að það sé almennt æskilegt og í samræmi við lýðræðishefðir, að almenningur fái að fylgjast með því, sem er að gerast í þjóðfélaginu. Verði ábyrgðarmenn efnis, sem birtist opinberlega, að gefa upp heimildarmenn sína, sé það til þess fallið, að efni, sem eigi erindi við almenning, birtist ekki.

Af framangreindum dómum má sjá að afstaða íslenskra dómstóla til tjáningarfrelsis fjölmiðla svipa til afstöðu Mannréttindadómstólsins í þeim efnum. Ef borið er saman *Hrd. 419/1995* og *William Goodwin gegn Englandi nr. 17488/90* eru niðurstöður þeirra að miklu leyti þær sömu. Það er því fulljóst að dómstólar telja að það sé í hlutverki fjölmiðla og í raun skylda, að upplýsa almenning um hvað sé að gerast í þjóðfélaginu, sbr. *Sunday Times gegn Englandi nr. 17488/90*. Það er því í hag allra, að dómstólar fari varlega í að takmarka tjáningarfrelsis fjölmiðla nema að sérstakar ríkar ástæður liggja fyrir, sbr. *Hrd. 729/2017*, það fari það ekki gegn hagsmunum almennings og rétt hans til upplýsinga um málefni líðandi stundar.

5. Umfjallanir fjölmiðla og hagsmunir þeirra af sakamálum

5.1. Almenn

Það felst í meginreglunni um opinbera málsmeðferð að almenningur hafi frjálstan aðgang að dómþingum, hið sama gildir að sjálfsögðu um fjölmiðla. Það má segja að fjölmiðlar mæta í dómsalina sem eins konar „fulltrúar almennings“, og mæta þá í þeim tilgangi að að hlýða á það

⁷¹ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22). 300.

sem fram fer og birta fréttumfjöllun af því í kjölfarið.⁷² Niðurstöður í dómsmálum geta haft mikil áhrif í samfélaginu. Dómar geta þá haft svokallað fordæmisgildi, og þarf almenningur að vera kunnugt um efni þeirra, til að geta aðlagð hegðun sína og starfsemi sinni þannig til að koma í veg fyrir ágreining og árekstra við aðra.⁷³ Umfjallanir í fjölmiðlum um afbrot, ágreininga, málaferla og dómsniðurstöður spila stórt hlutverk í að upplýsa samfélagið. Það er því almennt viðurkennt að fjölmiðlar gegni siðferðislegri skyldu til að fjalla um dómsmál, starfshætti dómstólanna og málefni þeirra. Ljóst er að undanfarin ár hafa umfjallanir þeirra á þessu sviði stóraukist til að svara þessari skyldu sinni með miklum krafti.⁷⁴ Að því sögðu hefur þjóðfélagið og réttarkerfið almennt viðurkennt þessa skyldu og þjónustu fjölmiðlanna, en í henni felst þó skylda til að gæta vel að tilteknum siðferðisreglum í störfum þeirra.⁷⁵ Það leiðir af reglunni um frjálstan aðgang að réttarhöldum, að fjölmiðlar hafi rétt til óhefts fréttáflutnings af þeim. Markmiðið með reglunni um opinbera málsmeðferð myndi í raun ekki nást án þess.⁷⁶

Einnig er hluti af reglunni um opinbera málsmeðferð að almenningur, sem og fjölmiðlar, njóti aðgangs að endurríti uppkveðinna dóma og úrskurða hjá hlutaðeigandi dómaraembætti. Í þeim birtast niðurstöður og forsendur fyrir þeim, þ.e. málvaxtalýsingu, málsástæðum og lögfræðilegar röksemdir dómara fyrir niðurstöðum. Með þessu er verið að tryggja markmið meginreglunnar að veita dómstólum aðhald og tryggja að almenningur fái vitneskju um hvað fer fram fyrir dómi. Hafi almenningur ekki aðgang að þessum gögnum væri í raun lítið gagn að reglunni.

5.2. Umfjallanir fjölmiðla um sakamál

Hér að framan hefur verið fjallað um meginregluna um opinbera málsmeðferð og þ.a.l. heimild og rétt fjölmiðla til að njóta aðgangs að þinghöldum í sakamálum. Fjölmiðlar mæta í dómssali, heyra undir dómsmál og þar á eftir greina almenningi frá gangi og stöðu mála, hvort sem það er á almennan hátt eða í smáatriðum. Undanfarin ár hafa fjölmiðlar aukið áherslu á umfjöllun um sakamál og sem dæmi má nefna hina umfangsmiklu fjölmiðlaumfjöllun sem fylgdi máli Thomas Møller.⁷⁷ Landsmenn fengu greiðan aðgang að gangi málsins, hvort sem það var í formi blaða-, útvarps-, sjónvarps- eða netmiðlaumfjöllunar. Umfjöllunin um málið var svo umfangsmikil, að blaðamenn mættu í dómsal og skrifuðu um gang málsins í beinni textalýsingu

⁷² Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22)359.

⁷³ Sama heimild 355.

⁷⁴ Sama heimild.

⁷⁵ Sama heimild. 366.

⁷⁶ Sama heimild 359.

⁷⁷ Sjá Lrd. 23. nóvember 2018 í máli nr. 51/2018.

á netmiðlum.⁷⁸ Ljóst er að á þessum tíma var um að ræða mál sem þungt hafði legið á þjóðinni sem gjarnan vildi fylgjast með og fjölmiðlar svöruðu því með áberandi hætti. Nýlega, hafa fjölmiðlar einnig gripið til slíkrar aðferðar við fréttáflutning af endurupptöku Guðmund- og Geirfinnsmálsins⁷⁹ landsþekktu.⁸⁰ Það er því ljóst, að ef dómssmál njóta ákveðinna vinsælda eða aðsóknar á meðal þjóðarinnar muna fjölmiðlar leitast eftir því að svara þjóðinni með ítarlegum og umfangsmiklum umfjöllunum um þau mál sem í hlut eiga.

Heimildin til að greina almenningi frá dómssmálum getur einnig tekið til dómstólanna sjálfra, þ.e.a.s. hefur dómari, eða annar fulltrúi réttarins, heimild til að gefa upplýsingar um einstök atriði sem lúta að tilteknum dómssmálum. Hins vegar er fremur sjaldgæft að dómstólar gefi út slíkar fréttatilkynningar. Algengast er að fjölmiðlarnir sjálfir afli sér upplýsinga um dómssmál með því að mæta í dómsalina og jafnvel samhliða því taka viðtöl við þá aðila sem koma að málinu. Þó er mikilvægt að til fjölmiðla, sem á grundvelli réttar síns til aðgengis og umfjöllunar hlýða á réttarhöld, séu gerðar kröfur. Kröfurnar lúta fyrst og fremst að því að umfjallanir um dómssmál séu réttar, vandaðar og óhlutdrægar. Þá skal almenningi ávallt vera kunnugt um að það er hlutverk dómstólanna að dæma, ekki fjölmiðlanna.⁸¹

5.3. Nafngreiningar sakaðra manna í fjölmiðlum

Þegar sakaður maður hefur hlotið dóm fyrir refsivert brot er nafns hans jafnframt getið í gögnum máls og jafnvel fjölmiðlum. Af þeim sökum gæti afbrot hans fylgt honum til æviloka. Samkvæmt 2. mgr. 70. gr. stjkskr. er manni, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, tryggður sá réttur að vera talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þetta er mikilvæg regla í hverju lýðræðisríki og er ein af undirstöðureglum sakamálaréttarfars. Reglan á sér stoð í 2. mgr. 6. gr. MSE og er óhjákvæmilegur hluti af réttlátri málsmeðferð fyrir dómi.⁸² Hins vegar, kann að vera að hlutaðeigandi aðili þurfi að sæta því að nafn hans (og jafnvel myndbirting) sé getið í fjölmiðlum.

Fjölmiðlar hafa að mestu leyti frjálssar hendur þegar þeir afla upplýsinga og fjalla um einstök mál sem til meðferðar eru hjá yfirvöldum. Þeir eru ekki bundnir við gögn sem lögregla hefur aflað eða hvað fram hefur komið fyrir dómi eitt og sér. Fjölmiðlar geta e.t.v. rætt við

⁷⁸ Hulda Hólmskelsdóttir, „Í Beinni: Thomas Møller Olsen Kemur Fyrir Dóm" (*visir.is*) <<https://www.visir.is/g/2017170829929>> Skoðað 9. maí 2020.

⁷⁹ Sjá Hrd. 27. september 2018 í máli nr. 521/2017.

⁸⁰ Hulda Hólmskelsdóttir, „Í Beinni: Guðmundar- Og Geirfinnsmál aftur fyrir Hæstarétt eftir 38 ár - Vísir" (*visir.is*) <<https://www.visir.is/g/2018180919613>> Skoðað 9. maí 2020.

⁸¹ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 382.

⁸² Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: mannréttindi* (nr.7) 275.

hluteigandi málsaðila og vitni, hvort sem það sé heima fyrir eða á vinnustöðum. Þá getur upplýsingaöflunin verið með mjög skjótvirkum hætti þar sem hægt er að taka viðtal m.a. í gegnum síma. Þá koma oft á yfirborðið allskonar upplýsingar sem seinna koma formlega til yfirvalda, eða jafnvel aldrei.⁸³ Það er af þeim sökum að sú mynd sem fjölmiðlar hafa málað upp fyrir almenningi um einstök mál, geta síðar reynst allt öðruvísi en sú sem síðar fer fram fyrir dómaraum í réttarsalnum. Þá kann að vera að þegar niðurstöður í máli birtast síðar fyrir almenningi koma þær almenningi á óvart miðað við það sem menn töldu sig vita fyrir tilstilli fjölmiðla. Óneitanlega er það svo að stundum hefur almenningur þegar „dæmt“ í málum áður en það fer fyrir dómstólunum sjálfum, oft á grundvelli þeirra staðreynda sem fram hafa komið í fjölmiðlum. Þetta getur reynst hættulegt ef, svo dæmi sé tekið, maður er sýknaður í sakamáli vegna skorts á sönnunargögnum. Þá hefur sá einstaklingur jafnvel þegar verið dæmdur af „dómstóli götunnar“ án þess að geta komið orðspori sínu til varnar – og getur það jafnvel reynst of seint, því almenningur hefur þegar myndað sér skoðun sína.⁸⁴

Í dómstóli götunnar gilda ekki hin viðurkenndu lög mál réttarríkisins og síður gildir reglan um að maður sé saklaus þar til sekt hans er sönnuð, sbr. 2. mgr. 70. gr. stjkskr. Það getur legið hættu í því á meðan umræða og athygli almennings kringum tiltekið mál er sem hæst að fjölmiðlar byggja umfjallanir sínar um staðreyndir sem ekki reynast tækar fyrir dómi, og því umfjöllun þeirra orðin fremur vafasöm.⁸⁵ Sem dæmi um þetta má nefna nýlegt mál, „Hlíðarmálið“ svokallaða, en í því máli voru tveir menn sakaðir um alvarlegt kynferðisbrot í fjölbýlishúsi í Reykjavík. Málið vakti gríðarlega athygli og reiði í þjóðfélaginu og kepptust helstu fjölmiðlar landsins um að birta umfjallanir um málið. Á meðan rannsókn málsins stóð fylgdist þjóðin með umfjöllunum í sjónvarpi, dagblöðum og á netmiðlum. Mennirnir voru nafngreindir á samfélagsmiðlum og þurftu mennirnir tveir meðal annars að flýja land á meðan rannsókninni stóð. Þá var meðal annars birt margskonar fréttagreinar sem fólu í sér rangfærslur um staðreyndir rannsóknar og aðstöðu í íbúð eins mannanna. „Íbúð í Hlíðunum útbúin til nauðgana“ var meðal þeirra fyrirsagna sem prýddi forsíðu Fréttablaðsins í nóvember árið 2015. Í lok rannsóknar var málið síðan fellt niður, en dómari taldi að ekki væru líkur á sakfellingu. Mennirnir tveir höfðuðu því mál gegn þeim vefmiðlum sem tóku mál þeirra til umfjöllunar og kröfðust ómerkingar á ummælum sem látið var um þá falla, sbr. *Hrd.* 729/2017 og *Lrd.* 433/2019. Í síðarnefndu máli voru ummæli fréttamiðilsins dæmd ómerk og var þeim gert að

⁸³ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 357.

⁸⁴ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 358.

⁸⁵ Sama heimild.

greiða mönnunum miskabætur, ásamt því að gerð var sú krafa um birtingu greinar um forsendur dómsins innan sjö daga frá dómskvaðningu.

Með þeim aðdróttunum sem fram komu í fyrrgreindum ummælum í frétt Hringbrautar var vegið alvarlega að persónu og æru stefndu sem falla undir friðhelgi einkalífs þeirra og verndar njóta samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Verður ekki fallist á að lýðræðislegt hlutverk fjölmiðils og upplýsingaréttur almennings samkvæmt 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. Mannréttindasáttmálans, sbr. einnig 1. mgr. 26. gr. laga nr. 38/2011, hafi krafist þess að einkalífsréttindi stefndu væru skert með þessum hætti. Ummælin voru af þessari ástæðu óviðurkvæmileg í skilningi 1. mgr. 241. gr. almennra hegningarlaga og er því fallist á niðurstöðu héraðsdóms um ómerkingu þeirra.

Að framangreindum dómi er ljóst að mikilvægt er að fjölmiðlafólk sé meðvitað um þá ábyrgð sem á þeim hvílir við umfjöllun um mál á rannsóknarstigi. Þar reynir meðal annars á dómgreind þeirra og siðferðisvitund.⁸⁶ Vissulega getur þótt freistandi fyrir fjölmiðla að birta nöfn þeirra manna sem tengjast einstökum dóms- eða rannsóknarmálum. Umfjallanir um mál og myndbirtingar (sem oftast fylgir nafngreining) vissulega eykur athygli almennings á fréttum þeirra. Þá er hins vegar tilefni til að gæta sérstaklegar varúðar. Sjaldan reynir eins mikið á það að gæta varúðar og tillitsemi eins og þegar reynir á nafn- og myndbirtingar hlutaðeigandi einstaklinga.⁸⁷

Í síðari málslið 1. mgr. 4. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands segir:

Blaðamenn skulu hafa ríkt í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, sérstakir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar. Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð.

Siðarreglur Blaðamannafélags Íslands hefur aðeins eitt ákvæði að geyma um nafnbirtingu. Því má velta upp hvort sé ekki þörf á fleiri ákvæðum sem varðar nafn- og myndbirtingu í fjölmiðlum sem fjalla um dóms- og rannsóknarmál. Líkt og fjallað hefur verið um hér á undan eru til dæmi um það þar sem að fjölmiðlar fóru fram úr sér í slíkum umfjöllunum og meintir gerendur sem reynast svo saklausir, fá ekki að njóta vafans vegna áhrifa frá dómstól götunnar. Í því samhengi skal réttilega verið bent á að allmargir fjölmiðlar hafa sett sínar eigin reglur eða viðmiðanir um slík efni. Sem dæmi, að birta ekki nöfn dæmdra manna nema að þeir hafi hlotið a.m.k. tveggja ára óskilorðsbundinn dóm. Telja má að heillavænlegast sé að hafa samræmdar reglur um þetta sem gilda um alla fjölmiðla, eins og í siðareglum þeirra.⁸⁸

Líkt og fyrrnefnt ákvæði gefur í skyn geta almannahagsmunir og almannaheill krafist og réttlætt nafn- og myndbirtingu. Gæti það jafnvel talist nauðsynlegt, að vara almenning við hættulegum einstaklingi, einkum ofbeldishneigðum, sem felur í sér myndbirtingu og

⁸⁶ Sama heimild.

⁸⁷ Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (nr. 22) 403.

⁸⁸ Sama heimild.

nafnbirtingu í fjölmiðli.⁸⁹ Hér undir gæti átt við myndbirtingu og nafngreiningu á hættulegum kynferðisbrotamanni gegn börnum, sem vissulega gæti þótt réttmætt að greina frá til almennings.

Í reglum dómstólasýslunnar um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu dómstólanna nr. 3/2019 má finna ákvæði um nafngreiningar sakaðra manna, sbr. 3. gr., 8. gr. 9. gr. reglana. Í 3. gr. kemur fram að við birtingu dóma í sakamálum skal gæta nafnleyndar ákærða sé hann sakfelldur ef nafnbirtingin telst andstæð hagsmunum brotþola eða aðra tengda honum. Þá getur Landsréttur og Hæstiréttur ákveðið að gæta nafnleyndar ef hagsmunir aðila eru sérstaklega íþyngjandi vegna fámenns landsvæðis, sbr. 9. gr.

Undanfarin ár hefur nafngreining sakaðra manna og birtingu dóma verið mikið til umræðu hér á landi. Þá hefur verið gagnrýnt sérstaklega að ekki sé nægilega gætt að persónuvernd þeirra og friðhelgi einkalífs.⁹⁰ Þá var árið 2018 lagt fram frumvarp sem snéri að breytingu á birtingu dóma og aukinnar verndar persónuupplýsinga í þeim. Markmiðið með frumvarpi þessu væri að bregðast við gagnrýni og tryggja friðhelgi einkalífs og persónuvernd þeirra manna við birtingu dóma. Þá var lagt til að settar yrðu skýrari og samræmdari reglur þar um. Frumvarpið var tekið til skoðunar en ekki hefur náðst að miða því áfram frá árinu 2019.

5.4. Heimild til að kæra úrskurði

Hér að framan hefur verið fjallað um heimild fjölmiðla til að fjalla um sakamál. Líkt og fjallað var um í 3.2. kafla, getur dómari lokað þinghaldi telji hann það nauðsynlegt, sem er síðan kæranlegt til Landsréttar, sbr. b-lið. 192. gr. sml. Almennt eru kærendur málsaðilar líkt og dómaframkvæmd sýnir. Hins vegar, kann að vera að fjölmiðlar telji lokað þinghald ekki eiga rétt á sér, þá sérstaklega ef um ræðir mál sem almenningur gæti haft hagsmuni af og jafnframt hefur áhuga á.

Í síðari málslið 2. mgr. 10. gr. er að finna heimild þeirra, sem ekki sætta sig við ákvörðun þinghalds, að krefjast úrskurðar um hvort þinghöld skuli háð fyrir luktum dyrum. Sá úrskurður er svo hægt að kæra til Landsréttar, sbr. b-lið 192. gr. sml. Heimild þessi kom til með lögum nr. 36/1999, en þá voru gerðar breytingar á 8. gr. oml. Með þessum breytingu var verið að styrkja réttarstöðu brotþola, sem fól m.a. í sér að sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara um opin/lokuð þinghöld, geti krafist þess að dómari kveði upp úrskurð þess efnis. Þá

⁸⁹ Sama heimild.

⁹⁰ ‘Samráðsgátt - Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dómstóla og lögum um meðferð sakamála (birting dóma og myndatökur í dómhúsum)’ <[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1172](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1172)> Sótt 4. júní 2020.

væri unnt að kæra þann úrskurð til Hæstaréttar (nú Landsréttar), skv. 142. gr. oml, sbr. b-lið 192. gr. sml. Þá var talið að þessi heimild myndi ekki aðeins nýtast brotaþola, heldur einnig fréttamönnum. sbr. *Hrd.* 407/2000. Hins vegar, er ekki sjálfsagt að hver sem er geti kært úrskurð (eins og almenningur), en sá aðili þarf að hafa tiltekna hagsmuni af málsmeðferðinni. Líkt og dómaframkvæmd sýnir, eru þeir sem kæra úrskurði yfirleitt málsaðilar eða brotaþoli. Hins vegar, hefur Hæstiréttur þurft að leggja mat sitt á hvort að aðrir aðilar en þeir, sem að framan voru taldir, geta krafist úrskurðar um opin eða lokuð þinghöld. Þá er álitæfni um hvort fjölmiðlar geti talist uppfylla þá kröfu að eiga hagsmuni af úrskurði og fengið efnislega meðferð dómstóla. Til að svara þessu verður því að skoða dómaframkvæmd og afstöðu dómstóla gagnvart stöðu fjölmiðla í þeim ágreiningum sem varða heimild fjölmiðla til að kæra slíka úrskurði.⁹¹

Í fyrsta lagi ber að nefna dóm Hæstaréttar *Hrd.* 407/2000. Kærandi, sem var fréttamaður, hafði ætlað sér að vera viðstaddur síðari fyrirtöku málsins vegna starfs síns og krafðist úrskurðar um lokun þinghalds á grundvelli 2. mgr. 8. gr. þágildandi laga nr. 19/1991 (nú 2. mgr. 10. gr. sml.) Undanfari málsins var sá að gefnar voru út tvær ákærur á hendur ákærða. Þá hafði honum með fyrstu ákæru verið gefið að sök að hafa með hnífstungum orðið manni að bana og með því brotið gegn 211. gr. alm. hgl. Í annarri ákærunni var honum gefið að sök að hafa brotið gegn 194. gr. sömu laga með því að hafa tvívegis þröngvað fyrrum unnustu sinni til kynmaka við sig. Við þingfestingu var ákveðið að reka í einu lagi mál um ákæruefnin tvö, þar sem tengsl sakarefnanna þóttu svo samtvinnuð og bagalegt væri að vitni þyrftu að koma tvisvar sinnum fyrir dóm:

Með hliðsjón af því hversu tengd málin eru var sækjandi inntur eftir því í þinghaldi 24. október sl. hvernig hann hygðist haga skýrslutökum af vitnum fyrir dómi, ef þinghöldin yrðu einvörðungu lokuð að því er varðaði kynferðisbrotamálið. Sækjandi taldi óhjákvæmilegt annað en að nokkur vitni þyrftu þá að koma tvisvar sinnum fyrir dóm. Samkvæmt framlögðu símbréfi sækjanda þurfa eftirtalin vitni að gefa skýrslu í báðum þáttum málsins og koma tvisvar fyrir dóm, ef þinghöld verða að hluta til lokuð.

Þá var jafnframt niðurstaða héraðsdóms að loka beri þinghaldi á reist á eftirfarandi rökum:

Þegar öll þessi sjónarmið eru virt er það mat dómsins að þau vegi þyngra en hagsmunir almennings af því að fá að fylgjast með réttarhöldunum. Það er ennfremur álit dómsins að hagsmunir brotaþola, vitna og annarra er málið varðar séu það ríkir, að það réttlæti að þinghöld fari að öllu leyti fram fyrir luktum dyrum, sbr. b lið 1. mgr. 8. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sbr. lög nr. 36/1999. Við þetta mat er haft í huga það markmið réttarfarsbreytinga sem gerðar voru á lögum um meðferð opinberra mála með lögum nr. 36/1999 að styrkja réttarstöðu brotaþola. Ofangreind ákvörðun var kynnt í þinghaldi, sem fram fór þann 3. nóvember sl. Bókað var eftir sakflytjendum að þeir væru þessari ákvörðun samþykkir.

Hinn kærði úrskurður var svo staðfestur í Hæstarétti með vísan í sömu rök og fram komu í héraðsdómi. Hins vegar, má ætla að sú staðreynd að Hæstiréttur hafi tekið kæru fréttamannsins

⁹¹ Björg Thorarensen, *Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi* (nr.7)271.

til efnislegrar meðferðar, hefur dómurinn viðurkennt að fjölmiðlar hafi hagsmuni af því að að málsmeðferð sé opin. Dómurinn er þýðingarmikill að því leyti og hefur fordæmisgildi þar sem Hæstiréttur hefur aldrei fyrr tekið slíka kæru til efnislegrar meðferðar.⁹²

Í öðru lagi ber að líta til dóma Hæstaréttar, *Hrd. 355-365/2010*, sem jafnvel eru kenndir við nafnið „vændis kaupamálin“ eða „femínistadóma“. Aðdragandi málanna var sá að ákærðir voru nokkrir aðilar fyrir vændi, þ.e. brot gegn 1. mgr. 206. gr. alm. hgl. Dómarinn í máli ákvað við útgáfu fyrirkalls að þinghald til þingfestingar málsins yrði lokað. Byggði hann kröfu sína á a- og d-lið. 1. mgr. 10. gr. sml, til þess verndar sakborninga, brotþola og aðra þá sem málið varðar. Halla Gunnarsdóttir, blaðamaður og talskona Femínistafélags Íslands, krafðist þess að þinghaldið yrðu opið með þeim rökum að framangreindar undantekningar gætu ekki átt við í máli þessu frekar en sem dæmi líkamsárásar- eða fíkniefnamálum. Þá taldi Halla að kaupendur vændis ættu ekki að njóta meiri friðhelgi heldur en aðrir brotamenn. Kröfu Höllu var hafnað, en dómari taldi að málið væri svo viðkvæmt og þ.a.l. ættu því nefndar undantekningar í 10. gr. sml. við í málinu:

Halla Gunnarsdóttir, sem krafist hefur þess að þinghaldið verði opið, byggir kröfu sína á því að framangreindar undantekningar eigi ekki við í þessu máli fremur en öðrum og nefnir sem dæmi líkamsárásamál og fíkniefnamál. Telur hún að kaupendur vændis eigi ekki að njóta meiri friðhelgi en aðrir meintir brotamenn.

Í þessu máli er fjallað um viðkvæm málefni ákærða og stúlkunnar sem hann er sakaður um að hafa keypt vændi af og eiga því nefndar undantekningar í 10. gr. sakamálalaganna við í málinu. Kröfu Höllu Gunnarsdóttur er því hafnað og skulu þinghöld í málinu vera lokað, sbr. 2. mgr. 10. gr. sakamálalaganna.

Halla Gunnarsdóttir skaut málinu til Hæstaréttar og kærði framangreindan úrskurð sbr. b-lið 1. mgr. 192. gr. sml. Þá krafðist hún að hinn kærði úrskurður yrði felldur úr gildi og að þinghöld verði opin, en til vara að þinghaldi yrði lokað að hluta til þegar kæmi að skýrslugjafar vitna. Í forsendum Hæstaréttar kom fram að Halla hafði sett fyrrgreinda kröfu sína fram sem borgari, blaðamaður og talskona Femínistafélags Íslands. Á þeim forsendum taldi dómurinn að ekki væri hægt að túlka það á annan hátt nema að Halla hafi sett kröfuna fram sem almennur borgari og vísaði málinu frá.

Talið verður samkvæmt almennum reglum réttarfars að sá sem krefst úrskurðar dómara samkvæmt framangreindu lagaákvæði verði að eiga lögvarða hagsmuni af sakarefni málsins. Kærandi hefur látið við það sitja að lýsa hagsmunum sínum af málinu með þeirri almennu lýsingu á sjálfri sér sem að framan greinir. Verður þetta ekki skilið á annan hátt en þann að hún láti sig málið varða sem almennur borgari sem áhuga hefur á að fylgjast með rekstri málsins. Samkvæmt nefndri meginreglu réttarfars getur slíkt ekki talist fullnægjandi til aðildar að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 og þá heldur ekki til að kæra til Hæstaréttar úrskurð um lokun þinghalda í máli samkvæmt b. lið 1. mgr. 192. gr. sömu laga. Verður málinu því vísað frá Hæstarétti.

Framangreind niðurstaða var mjög umdeild og þótti harkaleg. Í málinu dæmdu þrír dómarar, en einn dómari skilaði sératkvæði. Umræddur dómari var Hjördís Hákonardóttir en hún var

⁹² Sama heimild.

ósammála meirihluta dómenda er varðar aðild kæranda á grundvelli 3. málslíð. 2. mgr. 10. gr. sml.:

Ég er ósammála túlkun meirihluta dómenda á þeim lagarökum sem varða aðild kæranda að máli þessu. Í 3. málslíð 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segir: „Sá sem sættir sig ekki við ákvörðun dómara getur krafist þess að hann kveði upp úrskurð um það hvort þinghöld eða einstakt þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum.“ Efnislega verður ákvæði þetta rakið til laga nr. 36/1999 þar sem breytt var 8. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991. Miðuðu breytingar þær sem þá voru gerðar einkum að því að bæta réttarstöðu brotaþola. Í athugasemdum við 10. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 88/2008 er vísað til þessarar breytingar og tekið fram að sá möguleiki að krefjast úrskurðar dómara um ákvörðun varðandi það hvort þinghald skuli háð fyrir luktum dyrum, og eftir atvikum að kæra slíkan úrskurð, hafi ekki aðeins nýst brotaþola, heldur einnig öðrum svo sem fréttamönnum, sbr. dóm Hæstaréttar frá 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000. Skýra verður þetta fordæmi Hæstaréttar þannig, að réttindin einskorðist ekki við ákærvald, ákærða eða þolendur við rekstur sakamáls og er það í samræmi við orðalag ákvæðisins „sá sem sættir sig ekki við“. Í íslenskum rétti hefur á hinn bóginn ekki verið viðurkennd sú regla að almenningur geti átt aðild að dómsmálum og er orðalag þetta ekki svo afdráttarlaust að talið verið að með því hafi sú veigamikla breyting verið gerð að innleiða almenna aðild að dómsmálum.

Hér hefur Hjördís tekið afstöðu til þess að fréttamenn njóti þeirra stöðu að eiga hagsmuni af opinberu þinghaldi, og því uppfylla þá kröfu sem 10. gr. áskilur. Réttilega vísar hún í niðurstöðu *Hrd. 407/2000*, sem lagði línuna og nýtur fordæmisgildis, þykir því furðulegt að frá því hafi horfið.

Kærandi máls þessa krafðist formlegs úrskurðar um ákvörðun dómara um að loka þinghaldi með vísan til 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 og vísaði til framangreinds fordæmis Hæstaréttar þar sem kæra blaðamanns um sambærilegt ágreiningsefni fékk efnislega umfjöllun. Setur kærandi kröfu sína fram sem „borgari, blaðamaður og talskona Femínistafélags Íslands“. Eins og að framan greinir verður ekki fallist á það að almennur borgari sem slíkur geti átt aðild að kröfunni, á hinn bóginn getur blaðamaður átt það í krafti þeirrar skyldu sinnar að upplýsa almenning um meðferð og framgang dómsmála.

Þá taldi Hjördís einnig að Femínistafélag Íslands með sama hætti ætti að teljast hagsmunaaðili þar sem málið varðaði vændiskaup. Kærandi var blaðamaður og þó svo hún tilheyrði ekki sérstökum fréttamiðli væri hún þó talskona Femínistafélagsins. Af þeim sökum gæti hún átt aðild að málinu og kæra hennar réttilega átt að fá efnislega umfjöllun.

Eftir að dómurinn féll var staða fjölmiðla gagnvart rétti þeirra til aðgangs að þinghöldum orðin ansi óskýr. Í *Hrd. 407/2000* var afstaða Hæstaréttar sá að fréttamaður geti fullnægt kröfu til aðildar samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sml., en henni var svo snúið við í *Hrd. 355/2010* og horfið frá fyrrnefndu fordæmi *Hrd. 407/2000*.

Hins vegar, fjórum árum síðar, bárust til dómstóla 14 ákærur vegna vændisкупа, sbr. *Hrd. 763-77/2014*, sem einnig hafa verið kenndir við nafnið „vændisкупadómarnir“. Í héraði ákvað dómari að öll þinghöld í málunum skyldu vera lokuð, til að hlífa brotaþola í málinu. Sá úrskurður var kærður, en kærandi var fréttamaður og ritstjóri. Kærandi krafðist þess að öll þinghöld í málinu yrðu opin almenningi og taldi að rökstuðningur dómara fyrir því að loka þinghaldi í máli þessu væri ekki sannfærandi og jafnvel til þess fallinn að vernda nafnleynd ákærðu. Byggði hann jafnframt á sömu rökum og Halla Gunnarsdóttir í *Hrd. 355/2010*, að það

væri vandséð að vændiskaupendur nyttu frekari friðhelgi fremur en aðrir meintir brotamenn í til dæmis líkamsárásar- eða fikniefnamálum. Þeirri kröfu var hafnað á þeim grundvelli að þeir hagsmunir sem blaðamaðurinn byggði aðild sína á væru ekki fullnægjandi aðilar að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sml., sbr. niðurstöðu úrskurðar *Hrd. 355/2010*.

Krafa bréfitara byggist á því að rökstuðningur fyrir því að loka þinghaldi í málum yfir vændiskaupendum sé ekki sannfærandi og, að því er honum virðist, til þess eins að gæta nafnleyndar meintra gerenda. Telur hann vandséð að vændiskaupendur eigi að njóta meiri friðhelgi en aðrir meintir brotamenn, svo sem í líkamsárásarmálum eða fikniefnamálum. Kröfu sinni til stuðnings vísar hann til Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 getur sá sem ekki sættir sig við ákvörðun dómara um að þinghöld í máli skuli vera lokað krafist þess að hann kveði upp úrskurð um þá ákvörðun. Hefur verið talið að sá sem krefst úrskurðar dómara verði í þeim tilvikum að eiga lögvarða hagsmuni af sakarefni málsins, sbr. dóma Hæstaréttar í málunum nr. 355/2010, 365/2010, sem kveðnir voru upp 18. júní 2010. Eins og fyrr greinir setur bréfitari kröfu þessa fram sem blaðamaður og ritstjóri Reykjavíkur vikublaðs. Af þeim orðum má draga þá ályktun að hann telji að mál þetta sé þess eðlis að það eigi erindi við almenning í opinberri umfjöllun í nefndu vikublaði, og hafi hann af þeirri ástæðu áhuga á að fylgjast með rekstri þess. Að áliti dómsins, svo og með hliðsjón af ofangreindum dómum Hæstaréttar 18. júní 2010, getur slíkt þó ekki talist fullnægjandi til aðildar að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008. Er kröfunni því vísað frá dómi.

Benda má á að það sem er ólíkt *Hrd. 355/2010*, er að kærandi lagði í þetta skipti fram kröfu sína sem blaðamaður og ritstjóra, ólíkt blaðamanni í fyrrnefndu máli, sem lagði kröfu sína fram sem almennur borgari. Þá féllst Hæstiréttur ekki á niðurstöðu héraðsdóms og felldi hana úr gildi. Í forsendum úrskurðarins kom fram að að héraðsdómi hefði borið að leysa efnislega úr kröfu kæranda með vísan til *Hrd. 407/2000*. Í því máli var fallist á að fréttamenn geti átt aðild að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sml. sbr. fyrri umfjöllun. Má því segja að Hæstiréttur hafi með þessari niðurstöðu, tekið undir sératkvæði Hjördísar sbr. *Hrd. 355/2010*.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp eftir að málsaðilum hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um kröfu kæranda. Var frávísun á kröfu hans reist á því að þeir hagsmunir, sem hann byggði aðild sína á, væru ekki fullnægjandi til aðildar að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008. Í kæru sinni til Hæstaréttar vísar kærandi um aðild til umræddrar lagagreinar og gerir grein fyrir henni á sama hátt og í áðurgreindu bréfi til héraðsdóms.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008 er mælt fyrir um þá meginreglu að þinghald skuli háð í heyranda hljóði, en dómari geti þó í nánar tilgreindum tilvikum ákveðið að það skuli fara fram fyrir luktum dyrum. Þá segir í 2. mgr. sömu greinar að sá sem sætti sig ekki við ákvörðun dómara um að þinghald skuli vera lokað geti krafist þess að hann kveði upp úrskurð um þá ákvörðun sína. Í dómi Hæstaréttar 13. nóvember 2000 í máli nr. 407/2000, sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á bls. 3697, var fallist á að fréttamenn geti átt aðild að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. laga nr. 88/2008. Að virtum þeim dómi verður að telja að héraðsdómi hafi borið að leysa efnislega úr kröfu kæranda. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka kröfu hans til efnismeðferðar.

Af framangreindum dómum virtum má draga þá ályktun að Hæstiréttur hefur viðurkennt að fjölmiðlar hafi hagsmuni af opinberri málsmeðferð og uppfylli þá kröfu um aðild samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sml. og þ.a.l. geti krafist nýtt kærheimild sbr. b-lið 192. gr. sml., sbr. *Hrd. 407/2000* og *Hrd. 763-77/2014*. Mikilvægt ber að áréttta hér, að fjölmiðlar njóti stöðu fulltrúa almennings í þinghaldi, sem koma til með að flytja fréttir af málum sem varða hagsmuni

almennings. Það ber dómstólum ávallt að hafa í huga, þegar deilt er um stöðu fjölmiðla í málum sem þessum.

6. Niðurstöður

Í ritgerð þessari hefur verið fjallað um meginregluna um opinbera málsmeðferð, þ.e. rétt almennings til frjáls aðgangs að þinghöldum. Regla þessi er óhjákvæmilegur þáttur réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og tryggir mannréttindi hvers manns, sem sakaður er um refsiverða háttsemi. Reglan er til þess fallin að veita dómstólum aðhald og með því styrkja tiltrú almennings á réttarkerfinu. Það er í hag okkar allra að við njótum aðgangs að dómssölum og fáum að fylgjast með hvað þar fer fram. Í framkvæmd er ekki algengt að almenningur sækji sjálfur réttarhöld og koma því fjölmiðlar til með að gegna því mikilvæga hlutverki að upplýsa almenning um það sem fram fer.

Það er hins vegar ekki sjálfsagt, að þinghöld séu opin í öllum málum. Dómari hefur heimild samkvæmt 1. mgr. 10. gr. sml. að loka þinghaldi, telji hann það nauðsynlegt. Þá kom til skoðunar hvenær dómara ber að loka þinghaldi, en það getur farið eftir eðli mála hvort það þyki tilefni til. Af dómaframkvæmd er ljóst að dómara fari fremur varlega í að nýta þessa heimild sína, því þar stangast á hagsmunir almennings og málsaðila, sbr. *Hrd. 179/2002*. Til að loka megi þinghaldi þarf dómari að vera viss um, að hagsmunir málsaðila vegi þyngra en hagsmunir almennings, sem meginreglan um opinbera málsmeðferð kveður á um. Dómara ber því að leggja mat á þá hagsmuni og aðstæður hverju sinni og jafnframt vera reiðbúinn til að rökstyðja þá ákvörðun. Þá má sjá af dómaframkvæmd, að dómstólar eru að mestu leyti sammála um, að mikið þurfi að koma til. Því er undantekningarheimild í 1. mgr. 10. gr. sml. almennt túlkuð mjög þröngt.

Þegar þinghöldum eru lokað er almenningi meinaður aðgangur, hið sama gildir um fjölmiðla. Fjölmiðlar gegna því mikilvæga hlutverki að upplýsa landsmenn um rekstur og niðurstöður dómsmála, jafnt sem önnur málefni er snerta hagsmuni almennings. Fjölmiðlar hafa þá að mestu leyti frjálsar hendur um efnisval sitt. Líkt og dómaframkvæmd sýnir þurfa ríkar ástæður að liggja fyrir, til að takmarka megi tjáningarfrelsi þeirra, sbr. *Sunday Times gegn Englandi nr. 17488/90* og *Hrd. 419/1995*. Hins vegar ber fjölmiðlum ávallt að gæta þess að umfjallanir þeirra séu skýrar og réttar. Þá hafa nafngreiningar sakaðra manna verið mikið til umræðu undanfarin ár. Lagt var til frumvarp til að svara þeirri gagnrýni að ekki sé nægilega

gætt að persónuvernd og friðhelgi sakaðra manna. En það hefur sannarlega sýnt sig að þörf sé á skýrari reglum þar um, sbr. *Hrd.* 729/2017 og *Lrd.* 433/2019.

Þá var lokamarkmið ritgerðarinnar að varpa ljósi á hvort fjölmiðlar geti á grundvelli 2. mgr. 10. gr. sml., krafist úrskurðar um ákvörðun dómara að loka þinghaldi í sakamálum. Hæstiréttur hefur í gegnum tíðina almennt viðurkennt, að fjölmiðlar hafi hagsmuni af því að þinghöld séu opin og uppfylli þ.a.l. þá kröfu aðildar samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sml, sbr. *Hrd.* 407/2000. Þá er beinlínis gert ráð fyrir því, samkvæmt 8. gr. frumvarpsins til laga um meðferð sakamála. Hins vegar hefur línan í þessum efnum ekki alltaf verið skýr, líkt og má ráða af *Hrd.* 355/2010. Þegar dómurinn féll varð mikil ókyrrð meðal fjölmiðla, enda hafði dómurinn horfið var frá fyrrum fordæmi í *Hrd.* 407/2000. Í *Hrd.* 763-77/2014, tók Hæstiréttur hins vegar aftur undir niðurstöðu *Hrd.* 407/2000 og taldi að réttilega skyldi fallast á að fréttamaður gæti átt aðild að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sml. Í ljósi þess má telja að dómstólar hafi viðurkennt að fjölmiðlar hafi hagsmuni af því að málsmeðferð sé opin, sérstaklega þegar mál eru þess eðlis að þau eigi erindi við almenning. Þá eigi fjölmiðlar réttilega aðild að kröfu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sml.

7. Heimildaskrá

Ásgerður Ragnarsdóttir, Stefán A. Sveinsson, *Um aðgang almennings að gögnum dómsmála* (1. útg. Úlfljóttur 2003).

Björg Thorarensen, *Stjórnskipunaréttur: Mannréttindi* (Bókaútgáfan CODEX 2008).

Blaðamannafélag Íslands, „Síðareglur Blaðamannafélags

Íslands:“, <<https://www.press.is/is/log-sidareglur/sidavefur/sidareglur-bi>> skoðað 19. apríl 2020.

Eiríkur Tómasson, *Meginreglur sakamálaréttarfars* (2. útg. Úlfljóttur 2010).

Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi: Íslensk lög og lagaframkvæmd í ljósi 1. og 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu* (Orator 1999).

Hulda Hólmskelsdóttir, „Í Beinni: Guðmundar- Og Geirfinnsmál aftur fyrir Hæstarétt eftir 38 ár" (visir.is) <<https://www.visir.is/g/2018180919613>> Skoðað 9. maí 2020.

Hulda Hólmskelsdóttir, „Í Beinni: Thomas Møller Olsen Kemur Fyrir Dóm" (visir.is) <<https://www.visir.is/g/2017170829929>> Skoðað 9. maí 2020.

Jóhannes Eiríksson, *Lög um meðferð sakamála: Ásamt greinargerð* (Bókaútgáfan CODEX – Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 2009).

Morgunblaðið, „Farið fram á lokað þinghald“ (mbl.is)

<https://www.mbl.is/frettir/innlent/2012/05/22/farid_fram_a_lokad_thinghald/> Skoðað 24. maí 2020.

Morgunblaðið - 73. Tölublað (26.03.2000) (Tímarit.is)

<<https://timarit.is/page/1963400?iabr=on#page/n9/mode/1up/search/%22Laug%20til%20um%20ranns%C3%B3knir%20%C3%A1%20m%C3%A1lverkum%22>> Skoðað 7. maí 2020.

Páll Sigurðsson, *Fjölmiðlaréttur: Meginþættir réttarumhverfis fjölmiðlanna* (Háskólaútgáfan 1997).

Pieter van Dijk o.fl.: *Theory and Practice of the European Convention on Human Rights*. (4. útg., Kaupmannahöfn 2003).

Samráðsgátt: „Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dómstóla og lögum um meðferð sakamála (birting dóma og myndatökur í dómhúsum)“<[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1172](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1172)> Sótt 4. júní 2020.

Wacks. I, *Understanding jurisprudence: An introduction to legal theory* (5. útg., Oxford University Press 2017).